




Ársskýrsla 2015 - 2016

Landssamtök íslenskra stúdenta / LÍS



LANDSSAMTÖK
ÍSLENSKRA
STÚDENTA

EFNISYFIRLIT

1. ÁVARP FORMANNS	1
2. ALMENN STÖRF	3
2.1. Um framkvæmdastjórn 2015-2016.....	3
2.2. Almennt fundahald	7
2.3. Verklag í kringum framkvæmdastjórnarfundi	7
3. SUMARÞING	8
3.1. Dagskrá fyrir sumarþing	8
3.2. Upplýsingapóstur	9
3.3. Starfsáætlun	11
3.4. Kynningaráætlun	15
3.4.1. Stefnur og styrkumsóknir	17
4. HAUSTÞING	21
4.1. Dagskrá vinnuþings að hausti.....	22
4.2. Markmið helgarinnar	23
4.3. Fundargerð af haustþingi	24
5. HÚSNÆÐISMÁL	30
5.1. Fundaraðstaða.....	30
5.2. Skrifstofuhúsnæði.....	30
5.2.1. Rannís.....	30
5.2.2. Bandalag háskólamanna	30
6. ALÞJÓÐASTARF	32
6.1. Alþjóðanefnd LÍS 2015-2016.....	32
6.1.1. Nefndarmenn	32
6.2. Staða alþjóðastarfs LÍS í dag	33
6.3. Fundir og ráðstefnur 2015-2016	33
6.3.1. BM 68 Yerevan Armenia, maí 2015	33



6.3.2.	Ráðherrafundur, Yerevan Armenia	34
6.3.3.	ESC-30 Brussel, september 2015	34
6.3.4.	NOM, Oslo, október 2015	35
6.3.5.	BM 69, Rúmenía, desember 2015	36
6.4.	Verkefni og samningar	36
6.4.1.	ISIC	36
6.4.2.	Icelandair	36
6.4.3.	NIKK	37
6.4.4.	SPARQS	37
6.4.5.	Study Visit frá ESU	38
6.5.	Umsókn til ESU	38
7.	GÆÐASTARF	77
7.1.	Gæðaráð íslenskra háskóla	77
7.2.	Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs íslenskra háskóla	77
7.3.	EQAF, London 19. - 21. nóvember 2015.	78
7.4.	NOQA 11. júní 2015	85
7.5.	Ráðstefna um gæði í lykilþáttum háskólastarfs	93
7.5.1.	Upplýsingar og dagskrá	93
7.5.2.	Erindi formanns	95
8.	KYNNINGARSTARF	102
8.1.	Heimasíða	102
8.2.	Twitter	103
8.3.	Facebook	104
8.4.	Lógó / kennimark	105
9.	FULLTRÚAR Á VEGUM LÍS	107
9.1.	Staða stúdents í Nýsköpunarsjóði námsmanna	107
10.	ÖNNUR VERKEFNI	113



10.1.	LÆF	113
10.2.	Könnun fyrir RANNÍS.....	113
10.3.	Samstarf LÍS og Rannís.	114
11.	INNRA STARF	115
11.1.	Innra starf	115
11.2.	Lagabreytingar	116
11.3.	Samantekt.....	116
12.	FJÁRMÁL	120
12.1.	Ávarp gjaldkera.....	120
12.2.	Rekstrarreikningur 2015	122
12.3.	Efnahagsreikningur 2015	123
12.4.	Sundurliðun á tekjum.....	124
12.5.	Sundurliðun á gjöldum.....	125
12.6.	Umsókn til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins	128
13.	LOKAORÐ	132
14.	VIÐAUKAR	133
14.1.	Fundarboðanir og fundargerðir	133

FORMÁLI

Sá texti sem kemur hér fyrir neðan er ítarlega ársskýrsla er varðar starfsemi fráfarandi framkvæmdastjórnar Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS). Það er etv. hægt að segja að þessi skýrsla sé ekki hin „hefðbundna“ ársskýrsla. Fráfarandi framkvæmdastjórn hugsar þessa skýrslu ekki beint sem samantekt á störfum sínum á líðandi starfsári (þó skýrslan sé það í vissum skilningi) heldur miklu frekar sem mjög ítarlega yfirlit yfir störf sín frá a til ö.

Ákveðið var að hafa þessa ársskýrslu mjög ítarlega sökum þess að lítið er til af upplýsingum um störf samtakanna. Þessa ársskýrslu er hægt að hugsa sem einskonar uppflettirit fyrir komandi framkvæmdastjórnir LÍS til þess að leita sér upplýsinga um hin ýmsu mál er tengjast starfi LÍS.

Það er einlæg von fráfarandi framkvæmdastjórnar að þó svo að komandi framkvæmdastjórn lesi etv. þessa skýrslu ekki spjaldanna á milli þá geti hún samt sem áður nýtt sér þá þekkingu sem er að finna í þessu skjali um starf samtakanna.

Bestu kveðjur,

Framkvæmdastjórn Landssamtaka íslenskra stúdenta 2015 til 2016.

1. ÁVARP FORMANNS



Ágæti lesandi,

Það samstarf háskólanema sem var fyrsti hvatinn að stofnun Landssamtaka íslenskra stúdenta er mikilvæg forsenda þess að háskólakerfið á Íslandi bæti sig stöðugt og verði samkeppnishæft í alþjóðlegu umhverfi. Í raun er með ólíkindum að engin regnhlífásamtök stúdenta hafi verið fyrir hendi fyrir en á árinu 2013. Háskólar landsins eru sjö talsins, auk fjölmenns hóps íslenskra námsmanna erlendis, og hagsmunir þessara

hópa eru um sumt ólíkir en mun fleira sameinar okkur en sundrar. Það hefur verið ánægjulegt að starfa með fulltrúum þessara mismunandi nemendahópa, það er ljóst að við getum lært mikið hvert af öðru og saman mótað stefnu háskólanema. Það hlýtur að vera til heilla fyrir íslenskt samfélag.

Starfsárið sem senn er á enda hefur kennt okkur mikið. Við erum reynslunni ríkari. Framkvæmdastjórnin hefur lagt ríka áherslu á að styrkja innviði samtakanna:

- a) Við sömdum ítarlegar verklagsreglur til þess að starfið gæti gengið smurt fyrir sig hjá næstu framkvæmdastjórn.
- b) Við lögðum okkur fram um að bæta úr ýmsum vanköntum á lögum samtakanna.
- c) Við lögðum mikla vinnu í að stefnumótun af landsþingi væri tekin saman á formlegan hátt.
- d) Við settum heimasíðu í loftið og styrktum tengslin við hina ýmsu hagsmunaaðila sem starfa innan menntageirans, sér í lagi Rannís og Bandalag háskólamanna.
- e) Landssamtök íslenskra stúdenta voru öflug á erlendri grundu allt starfsárið, með því að skapa þekkingargrundvöll innan alþjóðanefndar LÍS erum við betur í stakk búin til þess að hafa áhrif á menntamál í Evrópu.
- f) LÍS sótti um aðild að European Student Union, regnhlífásamtökum landssamtaka stúdenta í Evrópu, og var umsóknin samþykkt einróma.



- g) Til tíðinda dró einnig í gæðamálum. LÍS tók virkan þátt í að leggja mat á hvernig til tókst í fyrstu umferð rammaáætlunar Gæðaráðs íslenskra háskóla sem fór fram á árunum 2010-2015 og í kjölfarið var tekin sú ákvörðun að skipa stúdent sem fulltrúa í Gæðaráðið.
- h) LÍS hóf einnig nauðsynlegt samtal við menntamálaráðuneytið og sendi inn umsókn um fjárstyrk. Það er ljóst að samtökin verða ekki langlíf nema þau fái fjármuni til reksturs.

Stærstu tíðindi ársins eru þó þau að á árinu 2016 hófst virkt samtal við Bandalag háskólamanna sem bar þann sæta ávöxt að LÍS er komið með skrifstofuhúsnæði sér að kostnaðarlausu, auk annarrar aðstöðu í húsnæði bandalagsins í Borgartúni.

Að lokum segi ég þetta: Samstaða, eining og heiðarleiki er grundvallaratriði ef stúdentar eiga að ná árangri. Og að þar séu hagsmunir heildarinnar hafðir að leiðarljósi. Klíkuskapur og innbyrðis valdabarátta sem snýst um sérhagsmuni er nokkuð sem á ekkert erindi í samstarfi háskólanema á Íslandi. Ungt fólk er framtíðin og von mín er sú að unga fólkið sem er að rísa upp þessi misserin láti samstarf ganga fyrir eiginhagsmunum. Við byggjum ekki upp sterkt menntakerfi á Íslandi nema með því að móta sterka rödd stúdenta sem berst fyrir bættri fjármögnun kerfisins, breytingum á kennsluháttum til framfara og bættem kjörum fyrir stúdenta.

Baráttukveðjur,

Nanna Elísa Jakobsdóttir, formaður LÍS.

2. ALMENN STÖRF

2.1. Um framkvæmdastjórn 2015-2016

Framkvæmdastjórn LÍS starfsárið 2015-2016 var ekki fullskipuð fyrr en í maí 2015. Þetta orsakaðist aðallega af því að nokkur aðildarfélaganna höfðu ekki umboð til þess að velja sér fulltrúa í framkvæmdastjórnina fyrr en nýjar stjórnir þeirra höfðu tekið við starfi.



Á myndinni eru: Efsti röð (f.v.): Håkon Broder Lund, Davíð Erik Mollberg, Gauti Skúlason, Árni Þórólfur Árnason, Aldís Mjöll Geirsdóttir, Iona Sjöfn Huntingdon-Williams, María Gyða Pétursdóttir og Þórður Jóhannsson. Neðri röð (f.v.): Tinna Dögg Guðlaugsdóttir, Jóhann Már Berry, Nanna Elísa Snædal Jakobsdóttir og Helga Lind Mar.

Nokkrar mannbreytingar urðu á framkvæmdastjórn á árinu.



Formaður

Nanna Elísa Jakobsdóttir

Netfang: nannaelisaj@gmail.com

Sími: 6591223

Varaformaður

Valdemar Karl Kristinsson, FSHA

Netfang: valdemarkarl@gmail.com

Sími: 6909319

Gjaldkeri

Aldís Mjöll Geirsdóttir, SHÍ

Netfang: aldismjoll@gmail.com

Sími: 8668615

Ritari og gæðastjóri

Jóhann Már Berry, NLBHÍ

Netfang: berrymarjohann@gmail.com

Sími: 8476621

Markaðsstjóri

Tinna Dögg Guðlaugsdóttir, SFHR

Netfang: tinnag07@ru.is

Sími: 8695000

Kynningarfulltrúi

Iona Sjöfn Huntingdon-Williams, NLHÍ

Netfang: ionasjofn@gmail.com

Sími: 6929231

Alþjóðaforsæti

Helga Lind Mar (ekki með atkvæðisrétt)

Netfang: helgalindmar@gmail.com

Sími: 8499601

Viðburðarstjóri

Þórunn Unnur Birgisdóttir, NFHB

Netfang: thorunnub11@bifrost.is

Sími: 6914269



Meðstjórnendur

Árni Þórólfur Árnason, SFHR

Netfang: arnia11@ru.is

Sími: 6626458

Ívar Örn Þráinsson, NFHB

Netfang: ivarth11@bifrost.is

Sími: 6978081

Baldur Ólafsson, SÍNE

Netfang: bfolafsson@gmail.com

Sími: 8936988

Jakob Wayne Víkingur Robertson,
NLBHÍ

Netfang: jakobwayne89@gmail.com

Sími: 6914275

Guðbjörn Ólsen Jónsson, FSHA

Netfang: gudbjornolsen@gmail.com

Sími: 6952593

María Gyða Pétursdóttir, SH

Netfang: magy@mail.holar.is

Sími: 6612464

Håkon Broder Lund, SHÍ

Netfang: haakonbl@gmail.com

Sími: 7820852

Rebekka Líf Albertsdóttir, NLHÍ

Netfang: rebekka14@lhi.is

Sími: 6905261

Helgi Sigurðsson, SH

Netfang: helgisig89@gmail.com

Sími: 6943090

Sigrún Dögg Kvaran, SÍNE

Netfang: sigrunkvaran@gmail.com

Sími: 6998106

Varamenn við upphaf starfsárs:

Sunna Mjöll Sverrisdóttir, SHÍ

Elís Orri Guðbjartsson, SHÍ

Elísabet Erlendsdóttir, SFHR

Gauti Skúlason, NFHB

Hrefna Rós Helgadóttir, NLBHÍ

Jóhann Gunnar Þórarinsson, SÍNE

Eyrún Fríða Árnadóttir tók við stöðu gæðastjóra þegar Jóhann Már Berry flutti erlendis í janúar

Eftirfarandi mannabreytingar áttu sér

stað á starfsárinu:

Gauti Skúlason tók við sem viðburðastjóri fyrir Þórunni Unni Birgisdóttur. Gauti hafði áður gegnt stöðu varamanns fyrir Nemendafélagið á Bifröst.

Þórður Jóhannsson og Dagur Skírni Óðinsson tóku við sem fulltrúar SÍNE í stað Sigrúnar Kvaran og Baldurs Ólafssonar.

Davíð Erik Mollberg kom inn í framkvæmdastjórn sem varamaður SFHR en sinnti stöðu aðalfulltrúa þar sem Árni Þórólfur Árnason var erlendis.

Brynja Sigríður Gunnarsdóttir tók við sem varamaður fyrir NLBHÍ.

2.2. Almennt fundahald

Framkvæmdastjórn LÍS skal funda einu sinni í mánuði samkvæmt lögum samtakanna. Á starfsárinu 2015-2016 frá mars 2015 til mars 2016 voru haldnir 13 formlegir framkvæmdastjórnarfundir, einn í hverjum mánuði, þar af einn rafrænn í júlímánuði. Auk þess er gert ráð fyrir einum framkvæmdastjórnarfundum eftir landsþing 2016 í apríl og skiptafundi fljótlega eftir hann.

2.3. Verklag í kringum framkvæmdastjórnarfundum

Ekkert verklag var til staðar í kringum framkvæmdastjórnarfundum þegar ný framkvæmdastjórn tók við. Eftirfarandi verklag mótaðist:

Í upphafi starfsárs var fundin tímasetning sem hentaði flestum með forritinu Doodle og varð mánudagskvöld fyrir valinu. Þá voru ákveðnir fundartímar fyrir allt starfsárið. Þetta var endurtekið í október 2015 og varð mánudagskvöld aftur fyrir valinu.

Fundir voru boðaðar með tölvupósti til allra fulltrúa í framkvæmdastjórn, og varamanna þeirra, yfirleitt um viku fyrir fyrirfram ákveðna dagsetningu. Með boðun fylgdi oftast nær dagskrá í pdf skjali og voru fulltrúar í framkvæmdastjórn beðnir um að staðfesta mætingu ella boða forföll og boða varamann í sinn stað.

Um þremur dögum fyrir fund voru sendar allar upplýsingar varðandi það sem rætt skyldi á fundinum.

Í lok starfsársins hófu formaður og ritari að nota sérstök sniðmát fyrir allar fundarboðanir, dagskrár og fundargerðir sem hefur bætt skipulag í kringum fundum töluvert. Sjá neðst í þessum kafla. Eldri fundargerðir og fundarboðanir hafa verið færðar í þetta sama sniðmát samræmis vegna. Rétt er að taka fram að engar efnislegar breytingar voru gerðar á fundargerðunum þrátt fyrir þetta, þær má finna í sinni upprunalegu mynd inni á sameiginlegu drifi samtakanna.

Fundir framkvæmdastjórnar voru yfirleitt haldnir á mánudögum klukkan 19.30 og vörðu vanalega í um þrjár klukkustundir. Stöku fundir fóru þó yfir fjögurra tíma murrinn vegna þess hve mikið þurfti að ræða. Fulltrúar voru sammála um að slíkt væri nauðsynlegt en þó betra að hafa jafnvel tvo framkvæmdastjórnarfundum í mánuði þegar mikið væri að gera.

Gera má ráð fyrir því að eftir því sem starf samtakanna vex verði það nauðsyn að framkvæmdastjórn hittist tvisvar í mánuði.

3. SUMARÞING

Á framkvæmdastjórnarfundi í apríl, hinum óformlega skiptafundi, var rædd nauðsyn þess að hrista hópinn saman mun fyrr á árinu en hefur verið gert. Því var ákveðið að fara í sumarferð og dagsetning fundin í maí með forritinu Doodle. Dagsetningin sem var valin var 26. – 28. júní. Vegna dræmrar mætingar var ákveðið á framkvæmdastjórnarfundi 15. júní að breyta ferðinni í vinnuhelgi í Háskólanum í Reykjavík. Helgin fór að mestu leyti í að vinna úr þeirri stefnumótun sem var farið í á landsþingi og semja starfsáætlun fyrir árið. Þá voru kynningarmál rædd mikið og styrkir. Afurðir þingsins má sjá hér fyrir neðan.

3.1. Dagskrá fyrir sumarþing

LAUGARDAGUR

09.00 - 10.00: Mæting. Stofa M -103 í HR

10.00 - 10.30: Hvað viljum við fá út úr helginni? Dagskrárliðir kynntir og ræddir.

10.30 - 12.30: Stefnumótunarplögg frá LÍS-þingi

12.30 - 14.30: Sund/Nauthólsvík!

15.00 – 17.00: Starfsáætlun fyrir framkvæmdastjórn

LÍS 2015-2016

Hvað viljum við fá út úr árinu? Hvað verður að gerast? Hver eru okkar markmið í ár?

19:00: NÆSHEIT?

Út að borða?

Frjálst auðvitað en það væri rosalega gaman að vera saman.

SUNNUDAGUR

10.00-10.30: Mæting

10.30 – 12.30: Kynningarmál. Heimasíða. Plan.

12.30 – 15.00: Huggulegur göngutúr í Öskjuhlíð og hádegismatur

15.30 – 18.00: Styrkjavinna! Sjá styrkjadocument inni í drive – gömlu möppunni.

3.2. Upplýsingapóstur

Update eftir vinnuhelgi framkvæmdastjórnar LÍS 27. - 28. júní

Fyrst af öllu vil ég þakka þeim sem gátu komið fyrir ótrúlega góða helgi, við náðum að vinna ötullega að þeim verkefnum sem lágu fyrir. Hér að neðan fer gróf lýsing á því sem fór fram sem ég bið ykkur um að lesa vel, sérstaklega þá sem komust ekki í vinnuna.

Það sem við unnum um helgina eru drög sem við samþykkjum á framkvæmdastjórnarfundi 13. júlí. Ef þið hafið athugasemdir eða viðbætur við starfsáætlun þá er best að sú umræða fari fram á þræði í Facebook grúppunni okkar sem ég set inn eftir að þessi póstur hefur verið sendur.

1. Starfsáætlun og stefnumótun

Við unnum með þá stefnumótun sem fór fram á LÍS-þinginu. Við sömdum út frá henni stefnu LÍS í fjórum málefnum – fjármálum, gæðamálum, markaðsmálum og alþjóðamálum. Því næst fórum við yfir nauðsyn þess að sinna hverju og einu málefni; af hverju erum við að gera þetta í ósköpunum og hvers vegna er þetta mikilvægt?

Að lokum settum við okkur markmið – bæði skammtíma og langtíma. Við reyndum að hafa markmiðin raunhæf en á sama tíma háleit enda er ekki um loforð af okkar hálfu að ræða heldur meira einslags „to-do” lista

.Hér er linkurinn á starfsáætlun framkvæmdastjórnar LÍS fyrir starfsárið 2015-2016. Um drög er að ræða þannig að ég bið alla að kynna sér þetta vel og koma með punkta ef þarf áður en við samþykkjum starfsáætlunina á næsta fundi framkvæmdastjórnar 13. júlí kl. 19.30.

https://docs.google.com/document/d/1xwz6pVcOU89DK31iLmsn8bc_i43_aiZSewm6l_B466c/edit



2. Kynningarmál

Við mótuðum stefnu í kynningarmálum og verklag. Við ákváðum official hasstaggið okkar: #LISnemar eða #LÍSnemar.

Allir verða að vera duglegir að nota hasstaggið þegar við erum að gera eitthvað og birta myndir. OG læka allt sem LÍS gerir á Facebook!

Hér er linkurinn á stefnu kynningarfulltrúa og verklag fyrir starfsárið 2015-2016. Um drög er að ræða sem við samþykkjum á framkvæmdastjórnarfundi 13. júlí.

https://docs.google.com/document/d/1xAdaei4f8fJVu-2XDxhwfHjZnqQXhLDrl8pOtQ3ONI/edit?usp=drive_web

3. Styrkjamál

Við fórum yfir gamla styrkjaskjalið og sömdum nýtt. Fæsta styrkina var hægt að sækja um núna en þó er einn opinn núna og það er styrkur frá Landsvirkjun. Við ræddum að láta vinnuþing að hausti hverfast um gæðamál og sækja um styrk frá Landsvirkjun til að vinna að gæðaeftirliti.

<https://drive.google.com/drive/folders/0B1VqRe1aUDzBfjZfcWhyRkFWT3hWQIB3MWxqdWhvbEg5MFJYM3pNZkpMYUQ3SEZsejk1ZVE>

4. Gæðamál

Við ræddum nauðsyn þess að auka við þekkingu okkar á gæðamálum. Þá var rætt að senda gæðastjóra LÍS, Jóhann Már Berry, á ráðstefnu í London 19. – 21. nóvember. LÍS getur sent tvo fulltrúa, Eyrún Fríða Árnadóttir og Helga Margrét Friðriksdóttir fara ásamt fulltrúum ráðgjafanefndar Gæðaráðs háskólanna. Því væri þetta gott tækifæri til þess að senda annan fulltrúa frá LÍS ásamt gæðastjóra LÍS og bæta þannig einni manneskju enn inn í sístækkandi hóp stúdenta sem hafa áhuga á gæðamálum. ***Síðasti séns til að sækja um þátttöku er 3. ágúst 2015***

<http://www.eua.be/events/upcoming/EQAF-2015/Call-for-contributions.aspx>

Hér er hægt að skoða þann stað á sameiginlega drive-inu okkar sem geymir upplýsingar okkar um gæðamál. Það má búast við því að þetta stækki á næstu vikum og mánuðum:

<https://drive.google.com/drive/u/0/folders/0B4LZlIbxYQnm4fjlxRkNVbHd5WVNfVHIKTWd0bjJfU3lsLUY2NF1xWV9BcjM0TXJEU3Z2VFU>



5. Vinnuþing að hausti

Boðað hefur verið á haustþing framkvæmdastjórnar 2015 sem fer fram 18. – 20. september.

Við stefnum að því að vinna styrkjavinnu, fara í lagabreytingar og svo var umræða um að helga þingið gæðamálum. Þetta verður rætt á næsta framkvæmdastjórnarfundi að auki. Hvort sem þingið verður helgað gæðamálum eða ekki er mikilvægt að hafa einhvers konar kynningu á þessum málefnum.

3.3. Starfsáætlun



Starfsáætlun framkvæmdastjórnar Landssamtaka Íslenskra stúdenta fyrir starfsárið 2015-2016

**Unnin á vinnuhelgi LÍS júní 2015. Samþykkt á
framkvæmdastjórnarfundi í júlí 2015.**

Markaðsmál

Stefna:

Íslenskt samfélag, stofnanir og almenningur, þá sérstaklega stúdentar séu meðvitaðir um tilvist og tilgang Landssamtaka íslenskra stúdenta og þau málefni sem sambandið vinnur að. Að stúdentar geri sér grein fyrir því hvert þeir geti leitað ef spurningar vakna um réttindi þeirra eða annað er tengist stúdentum. Einnig að menntastofnanir og félög þeim tengd á heimsvísu séu meðvituð um tilvist landssamtaka stúdenta hér á landi.

Nauðsyn

Án þeirra erum við ekki neitt! Án markaðssetningar getur það reynst erfitt fyrir stúdentar að gera sér grein fyrir því að til eru samtök sem berjast fyrir og halda utan um hagsmuni þeirra. Traust vex með skilningi og með því að kynna LÍS fyrir stúdentum og samfélaginu öllu vex traust til samtakanna. Með aukinni markaðssetningu kemst LÍS einnig betur inní umræður í samfélaginu og sem þekkt samtök hefur LÍS meira vægi í samfélagsumræðum og því líklegra að á okkur sé hlustað. Með tímanum gætu fjölmiðlar/samtök kallað eftir álitum LÍS í ýmsum málum. Að lokum þurfa styrkveitendur að vita af samtökunum, mikilvægi þeirra og hver tilgangur þeirra er til þess að þau sjái hag sinn í því að styrkja þau.

Markmið framkvæmdastjórnar fyrir árið 2015-2016:

1. Kynningarfulltrúi móti sér áætlun fyrir árið og beri undir framkvæmdastjórn.
 1. Búa til verklag fyrir kynningarmál
 1. Hversu oft uppfærum við fréttir á heimasíðu?
 2. Hversu oft greinar?
 3. Hversu oft uppfærum við FB?
2. Opna heimasíðu (númer 1,2... og 4)
 1. Semja efni fyrir heimasíðu
 2. Um LÍS
 3. Um ESU og NOM
 4. Um framkvæmdastjórn
3. Greinaskrif - 1 grein á mánuði frá LÍS
 1. Birta á heimasíðu
 2. Birta hjá fjölmiðlum
4. Samfélagsmiðlar
 1. Vera virkari á Facebook (númer 3)
 2. Virkja Twitter
 3. Virkja framkvæmdastjórn í að læka og deila!
5. Herferðir
 1. Halda viðburð sem vekja athygli á heimasíðunni og samtökunum
 2. Veistu hver ég er?
6. Efni
 1. Eiga myndir af öllum viðburðum
 2. Eiga myndbönd af framkvæmdastjórn við störf
7. Komast í Kastljós/Ísland í dag

Langtímamarkmið sem gott er að hafa í huga:

1. Að íslenskt samfélag og þá sérstaklega stúdentar þekki LÍS
2. Hafa 3 aðila í markaðsmálum sem myndu sjá um samfélagsmiðla, heimasíðu og fréttatilkynningar. Helst hafa þessa þrjá aðila með ólíka markhópa og reynslu af markaðsmálum.
3. Gera kynningarmyndbönd um starfsemina
 1. Sambærilegt þeim sem HÍ hefur gert fyrir hjúkrunarfræði (<https://www.youtube.com/watch?v=gBJ4JkKSAYU>).
4. Gera instagram
5. Gefa út blað um LÍS

Alþjóðamál

Stefna

Tryggja að rödd íslenskra stúdenta heyrist á alþjóðavettvangi og að hún sé áhrifavaldur í stefnumótun menntamála á alþjóðavettvangi. Sækja þekkingu til alþjóðasamfélags stúdenta og nýta þá þekkingu til eflingar bæði íslenskra háskóla og hagsmunabaráttu stúdenta Íslands!

Nauðsyn alþjóðasamstarfs:

Með því að vera meðlimir í evrópsku samstarfi stúdenta getum við haft áhrif á málefni sem haft geta áhrif á stúdenta hérlendis. Án þátttöku missum við af því tækifæri að hafa

mótandi áhrif á málefni stúdenta á heimsvísu sem og munu hafa áhrif á stúdenta hérlendis. Með þátttöku í NOM og ESU höfum við tækifæri til þess að læra af eldri og reynslumeiri félögum. Ráðleggingar getur LÍS sótt sér til félaga stúdenta á alþjóðavettvangi og geta þau ráð verið afar dýrmæt bæði hvað varðar smáar sem stórar ákvarðanir.

Með samstarfi við NOM og ESU eflist bæði áhrifakraftur og starfsemi LÍS til muna.

Stuðningur þeirra getur gefið sérstökum málefnum sem LÍS kys að vinna að mikilvægt vægi og eflt rödd LÍS í umræðum við stjórnvöld. Með því að vera hluti af alþjóðasamfélagi stúdenta leggur Ísland sitt af mörkum við þróun og bætingu málefna og hagsmuna stúdenta heimsins. Við sem tiltölulega ný á þessum vettvangi höfum uppá margar nýjar og ferskar hugmyndir að bjóða.

Markmið framkvæmdastjórnar fyrir árið 2015-2016

1. Að breyta aðildaupplýsingum LÍS að ESU svo fram komi að LÍS sitji fundi með ESU en ekki SHÍ.
2. Semja verklagsreglur fyrir alþjóðanefnd.
 - a. Flugmiðapantanir.
 - b. Upplýsingamiðlun fyrir fundi → fá sjónarmið framkvæmdastjórnar.
 - c. Leggja gögn fyrir framkvæmdastjórn fyrir fund.
 - d. Upplýsingamiðlun innan nefndarinnar ef hún er stækkuð frá því sem hún er núna.
3. Koma á verklagi fyrir upplýsingamiðlun.
 - a. Staðlað skýrsluform sem fólk fyllir út eftir hverja ráðstefnu/fund.
4. Launaðan starfsmann í alþjóðamálum
5. Mæta á alla ESU og NOM fundi ársins.
6. Finna fleiri tækifæri til að senda fulltrúa í framkvæmdastjórn LÍS á ráðstefnur erlendis þó ótengt ESU og NOM en varða málefni ungs fólks.
7. Vinna með þann texta sem ritaður hefur verið undir liðinn "stefna" hér að ofan og undirbúa lengri og ítarlegri texta sem gerður verður opinber m.a. á síðu LÍS.

Langtímamarkmið sem gott er að hafa í huga:

- Halda ESU Board Meeting.
- Halda NOM fund.
- Fá 100% launaðan starfsmann.
- Koma á fót alþjóðanefnd sem starfar lengur en ár í senn.

Gæðamál

Stefna

Skapa samráðsvettvang fyrir stúdenta á Íslandi þar sem rætt er um gæðamál háskólanna með það að markmiði að auka gæði náms með virkri þátttöku allra stúdenta. Með sameiginlegum samráðsvettvangi má samræma gæði allra háskóla landsins svo allir stúdentar búi við sömu gæði. Halda þarf uppi öflugri umræðu um mikilvægi þess að menntun hérlendis þróist og eflist í takt við nýja tíma og samræmist þannig við alþjóðlega

staðla. Með því að gera stúdentum kleift að ferðast erlendis og sækja sér menntun þangað aukum við menntunarmöguleika stúdenta og flytjum inn þekkingu. Koma þarf fólki í skilning um að menntun og þær gráður sem henni fylgja skipta sköpum í nútíma samfélagi.

Nauðsyn

Það er grundvallaratriði að nám hér á landi sé fyrsta flokks og metið á alþjóðavettvangi. Vel menntaður vinnukraftur er mikil innspýting fyrir samfélagið allt og með því að greiða veg stúdenta bætum við þjóðfélagið í heild. Auk þess er nauðsynlegt að stúdentar er ljúka námi hérlendis hafi færi á því að sækja sér nám og þekkingu í erlenda háskóla. Þannig víkkum við út sjóndeildarhring Íslendinga og færum áður ókunna þekkingu til landsins.

Markmið framkvæmdastjórnar fyrir árið 2015-2016:

- Byggja upp þekkingu innan samtakanna
 - Funda með gæðastjórum allra skólanna og bera saman bækur okkar.
 - Hitta gæðastjóra erlendra háskóla og kynna okkur starfshætti
 - Hitta fulltrúa stúdenta sem eru sérfræðingar í gæðamálum
- Hefja undirbúning undir verklagsreglur fyrir gæðaeftirlit.
- LÍS sendir fulltrúa á alþjóðlegar ráðstefnur um gæðamál háskóla
 - London nóvember EUA
- Finna íslenska nemendur og senda þá í gæðaðþjálfun erlendis. Þessir nemendur geta svo tekið þátt í gæðaúttektum.

Langtímamarkmið sem gott er að hafa í huga:

- Semja fyrrnefndar verklagsreglur.
- Koma upp virku gæðaeftirliti meðal LÍS á starfi háskólanna.
 - Með því verður kannski hægt að fá verkefni hjá ríkinu sem tryggir okkur fjármagn
- Hafa raunveruleg áhrif á gæði kennslu og náms hér á landi
- Vera virt í gæðamálum

Fjármál

Stefna

Vinna að því að rýmka fjárhagslegt svigrúm samtakanna til þess að þau hafi kost á því að vera eins virk í hagsmunabaráttu stúdenta og mögulegt er. Þó á hagsýnan hátt. Þannig getum hraðað þróun samtakanna til þess að taka við sem eins konar stéttarfélag stúdenta sem bæði núverandi og framtíðar stúdentar eiga kost á að nýta sér.

Fjárhagslegt svigrúm felur meðal annars í sér að samtökin hafi nægilega fjármuni til að geta haft öflugt markaðsteymi og verið sýnileg, ráðið til sín starfsfólk og tekið þátt í alþjóðastarfi stúdenta.

Nauðsyn

Til að verða öflugri í alþjóðastarfi stúdenta og gæðaeftirliti þarf traust fjárhagslegt bakland. Starfsmaður á launum getur eftir starf samtakanna til muna bæði með því að halda utan um innra starf, fjármögnun og styrkjasöfnun, gefið sér tíma í að afla sér þekkingar og sækja fundi og ráðstefnur án þess að verða fyrir tekjuskerðingu og fylgst gaumgæfilega með því sem á sér stað í menntamálum hérlendis og erlendis.

Til þess að geta aukið sýnileika samtakanna verður það að hafa úr nægum fjármunum að moða til þess að geta til að mynda auglýst sig og útbúið kynningarefni.



Markmið framkvæmdastjórnar fyrir árið 2015-2016:

- Sækja um hina ýmsu styrki (Sjá styrkjadoc í drive)
 - (<https://docs.google.com/spreadsheets/d/1JGionPrJAph1VirfjEbN4AaVQHTE8QMkziNzUKvvLU/edit#gid=0> - styrkjaumsókn)
- Gera samninga við styrktaraðila.
- Kanna bestu mögulegu kosti í bankaviðskiptum.
- Setja á fót teymi sem sér um að fjármagna alþjóðahluta samtakanna.
- Alþjóðanefndin útbúi kostnaðaráætlun.
- Fráfarandi gjaldkeri taki saman útgjöld samtakanna svo að sjá megi hvert peningarnir eru að fara.
- Ráða launaðan starfsmann.

Langtímamarkmið sem gott er að hafa í huga:

- Viljum vera með launaða starfsmenn.
- Fjármögnun samtakanna.
- Komast á fjárlög
- Verða okkur úti um varanlegt húsnæði.

3.4. Kynningaráætlun



Gróft verklag fyrir starfsárið 2015-2016 í kynningarmálum

Drög samin á vinnuhelgi framkvæmdastjórnar 26. - 27. júní. Samþykkt af framkvæmdastjórn í júlí 2015.

Kynningarfulltrúi skal í samráði við framkvæmdastjórn móta áætlun í kynningarmálum í samráði við framkvæmdastjórn.

Áætlun 2015-2016:

1. Heimasíða

- i. Tónn
 - ii. Formlega skemmtileg. Líkt og á fb þá er hópurinn hér breiður bæði eldri og yngri. Mamma og pabbi, afi og amma.
 - iii. Styrkveitendur. Hafa mikið af upplýsingum. Vera virk í fréttum.
- b. Lágmarksvirkni
 - i. Greinar
 - 1. Greinar
 - a. Ein grein á mánuði.
 - b. Fólk tekur að sér að skrifa greinar
 - c. Viðbragðsgreinar við fréttalutningi/ályktanir
 - 2. Fréttir
 - a. **Alltaf þegar einhver tekur þátt í verkefni/ráðstefnu/fundi á vegum framkvæmdastjórnar þá verður sá hinn sami að skrifa frétt inn á vefsíðuna okkar.**
 - b. Viðburðir hjá framkvæmdastjórn - vinnuhelgar, hittingar, þing
 - c. Ráðstefnur
 - d. Þátttaka í verkefnum
- 2. Samfélagsmiðlar
 - a. Facebook
 - i. Tónn
 - 1. Formlega skemmtileg. Hafa í huga að breiður hópur fólks notar Facebook, bæði eldra og yngra.
 - ii. Lágmarksvirkni
 - 1. Setja inn færslu að minnsta kosti einu sinni á tveggja vikna fresti.
 - b. Twitter
 - i. Tónn
 - 1. Skemmtileg og hress. Minna formlegt heldur en Facebook. Röddin á Twitter er yngri en röddin á Facebook.
 - 2. Tala við notendur. Spurningaform til að fá feedback.
 - ii. Lágmarksvirkni
 - 1. Setja inn færslu að minnsta kosti einu sinni á tveggja vikna fresti.
 - c. Fjölmiðlar
 - i. Greinar
 - ii. Tónn
 - 1. Formleg og málefnaleg.
 - 2. Gagnrýnin
 - 3. Hvetjandi
 - 4. Frumleg
 - iii. Lágmarksvirkni
 - 1. Ein grein á tveggja mánaða fresti
 - 2. Gætu verið fleiri greinar ef að því kemur.
 - 3. Ályktanir
 - d. Herferðir
 - e. Viðburðir

3.4.1. Stefnur og styrkumsóknir

Stefna í markaðsmálum:

Nauðsynlegt er að íslenskt samfélag, stofnanir og almenningur séu meðvitaðir um tilvist og tilgang Landssamtaka íslenskra stúdenta og þau málefni sem samtökin vinna að. LÍS leggur mikið upp úr því að stúdentar geri sér grein fyrir því hvert þeir geta leitað ef spurningar vakna um réttindi þeirra, um gæði háskólamenntunar á Íslandi, um tengsl íslenskra stúdenta við námsmannasamtök erlendis og annað sem tengist stúdentum. Einnig að menntastofnanir og félög þeim tengd á alþjóðavísu séu meðvituð um tilvist samtaka stúdenta hér á landi.

Stefna í alþjóðamálum:

Rödd íslenskra stúdenta þarf að heyrast á alþjóðavettvangi. Þannig geta stúdentar hér á landi verið áhrifavaldar í stefnumótum menntamála á alþjóðavettvangi. Sækja þarf þekkingu til alþjóðasamfélags stúdenta og nýta þá þekkingu til eflingar bæði íslenskra háskóla og hagsmunabaráttu stúdenta Íslands. LÍS á aðild að ESU, European Student Union, og NOM, Nordisk Ordforande Mötes. LÍS sækir fundi á vegum beggja samtaka og tekur þar virkan þátt í umræðum og ákvarðanatöku.

Stefna í gæðamálum:

Skapa þarf samráðsvettvang fyrir stúdenta á Íslandi þar sem rætt er um gæðamál háskólanna með það að markmiði að auka gæði náms með virkri þátttöku allra stúdenta. Með sameiginlegum samráðsvettvangi má samræma gæði allra háskóla landsins svo allir stúdentar búi við sömu gæði. Halda þarf uppi öflugri umræðu um mikilvægi þess að menntun hérlendis þróist og eflist í takt við nýja tíma og samræmist þannig við alþjóðlega staðla. Með því að gera stúdentum kleift að ferðast erlendis og sækja sér menntun þangað aukast menntunarmöguleikar stúdenta og við flytjum inn þekkingu. Koma þarf fólki í skilning um að menntun og þær gráður sem henni fylgja skipta sköpum í nútíma samfélagi.

Stefna í fjármálum:

Framundan er vinna við að rýmka fjárhagslegt svigrúm samtakanna til þess að þau hafi kost á því að vera eins virk í hagsmunabaráttu stúdenta og mögulegt er á hagsýnan hátt. Þannig getum við hraðað þróun samtakanna til þess að taka við sem eins konar stéttarfélag stúdenta sem bæði núverandi og framtíðar stúdentar eiga kost á að nýta sér.

Fjárhagslegt svigrúm felur meðal annars í sér að samtökin hafi nægilega fjármuni til að geta haft öflugt markaðsþeymi og verið sýnileg, ráðið til sín starfsfólk og tekið þátt í alþjóðastarfi stúdenta.

HEILSTEYPTUR TEXTI

Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) voru stofnuð 13. nóvember 2013 og eru samtök háskólanema á Íslandi sem og íslenskra háskólanema á erlendri grundu. LIÍS eru regnhlífarsamtök en að þeim standa átta aðildarfélag sem eru í forsvari fyrir stúdenta við Háskólann á Akureyri, Háskólann á Bifröst, Háskóla Íslands, Háskólann á Hólum, Háskólann í Reykjavík, Landbúnaðarháskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og íslenska stúdenta sem stunda nám erlendis.[1] LIÍS er því í forsvari fyrir um rúmlega 20 þúsund íslenska stúdenta.

Samtökin starfa samkvæmt stefnuskrá sem mótuð er árlega á landsþingi samtakanna. Hlutverk samtakanna er að vinna að samræmingu gæðastarfs milli háskóla á Íslandi, standa vörð um hagsmuni stúdenta hérlendis sem og hagsmuni íslenskra stúdenta á alþjóðavettvangi. LIÍS getur í umboði allra aðildarfélaga farið með samningsumboð og komið fram fyrir þeirra hönd gagnvart stjórnvöldum, í fjölmiðlum og á opinberum vettvangi.

Framkvæmdastjórn LIÍS setti sér það markmið við upphaf stofnunar samtakanna að vanda vel til verka og koma sterkum stoðum undir samtökin þannig þau geti starfað til frambúðar. Þeir lykilþættir sem samtökin leggja áherslu á eru; samþykktir félagsins, fjármál þeirra og hvernig markaðs- og kynningarmálum er háttað, t.d. á heimasíðu samtakanna www.haskolanemar.is og á Facebook. Auk þessarra mikilvægu þátta halda samtökin utan um fleiri verkefni, m.a. þátttöku stúdenta í gæðaúttektum á námi í háskólum landsins, alþjóðastarf íslenskra stúdenta og skipun fulltrúa námsmanna í ýmsar nefndir og ráð til stjórnvalda sem hafa með háskólamenntun að gera.

Innan LIÍS er starfrækt þriggja fulltrúa alþjóðanefnd sem sér um alþjóðastarfið. Helsta verkefni alþjóðanefndarinnar er þátttaka íslenskra stúdenta í starfi ESU, European Student Union. Þátttaka í starfi ESU krefst þess að fulltrúar séu sendir á þing sem haldin eru í hinum ýmsum evrópulöndum. Ferðlög erlendis eru kostnaðarsöm og hefur stór hluti fjármagns LIÍS farið í ferðakostnað vegna þátttökunnar.

Samtökin eru ekki rekin með fjárhagslegum ávinningi en eins og gefur augaleið eru þau gríðarlega mikilvæg fyrir háskólasamfélagið í heild sinni. Til að tryggja starfsemi samtakanna eru fjárframlög til LIÍS nauðsynleg.

[1] Samtök íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE)

[Í ljósi þess leitar LÍS nú til *Reykjavíkurborgar* með von um að *borgaryfirvöld* vilji styðja við uppbyggingu samtakanna með einhverju móti og þar með gerast bakhjarl háskólastúdenta. Þess má geta að þrjú af aðildarfélögunum eru í forsvari fyrir háskólanemendur í háskólum sem staðsettir eru í Reykjavík, þ.e. Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands og Listaháskóli Íslands. Skólarnir þrír eru fjölmennir og því ljóst að afar stórt hlutfall þeirra sem LÍS er í forsvari fyrir eru við nám í Reykjavík. Í þetta sinn er sótt um styrk fyrir hönd samtakanna en í framtíðinni gæti verið vettvangur fyrir samstarfi á milli *Reykjavíkurborgar* og LÍS. Möguleg markmið slíks samstarfs eru ótal mörg, til dæmis hvatningarátak um vistvænar samgöngur eða samræður stjórnvalda og stúdenta um stúdentaíbúðir. Samvinna borgaryfirvalda og stúdenta er að mati framkvæmdastjórnar LÍS mikilvægur þáttur í því að stuðla að áframhaldandi þróun í þá átt að *Reykjavík* verði háskólaborg á heimsmælikvarða.]

Allar helstu upplýsingar um LÍS má finna í fylgiskjali. LÍS leitar nú til Icepharma með von um að þið viljið styðja við uppbyggingu samtakanna með einhverju móti og þar með gerast bakhjarl háskólastúdenta. Samtökin eru regnhlífarsamtök allra stúdentahreyfinga landsins og eru því í forsvari fyrir allt verðandi háskólamenntað fólk. Samtökin eru gríðarlega mikilvæg og til þess að tryggja starfsemi þeirra er mikilvægt að afla fjármuna en helsta verkefnið er að koma samtökunum á þann stað að hægt sé að sinna verkefnum þess almennilega, þ.e. LÍS vantar fjármuni til reksturs sem og til að koma sér upp almennilegri vinnuástöðu.

Ég hef samband við þig fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) en við leitum á náðir **X** með von um að þið viljið styðja við uppbyggingu samtakanna með einhverju móti og þar með gerast bakhjarl háskólastúdenta. Samtökin eru regnhlífarsamtök allra stúdentahreyfinga landsins og eru því í forsvari fyrir allt verðandi háskólamenntað fólk.

Samtökin eru gríðarlega mikilvæg og til þess að tryggja starfsemi þeirra er mikilvægt að afla fjármuna en helsta verkefnið er að koma samtökunum á þann stað að hægt sé að sinna verkefnum þess almennilega, þ.e. LÍS vantar fjármuni til reksturs sem og til að koma sér upp almennilegri vinnuástöðu.

Allar helstu upplýsingar um LÍS má finna í viðhengi.

Eftirfarandi aðilar mættu á vinnuhelgi LÍS í júní:

Nanna Elísa Jakobsdóttir, Jóhann Már Berry, Iona Sjöfn Huntingdon-Williams, Valdemar Karl Kristinsson, Aldís Mjöll Geirsdóttir, Helga Lind Mar, Guðbjörn Ólsen og Jakob Wayne Víkingur Róbertsson.



4. HAUSTÞING

Vinnuhelgi framkvæmdastjórnar LÍS að hausti, haustþing, var haldið í Landbúnaðarháskólanum Hvanneyri helgina 18. – 20. september 2015. Dagsetning fyrir haustþingið var ákveðin í maí með forritinu Doodle. Haustþingið var boðað 29. júní 2015 til þess að fulltrúar í framkvæmdastjórn gætu tekið helgina frá.

firskrift haustþingsins var ákveðin í júní en hún var: *Fjármál samtakanna*.

Dagskrá haustþingsins var samin af framkvæmdastjórninni sjálfri á framkvæmdastjórnarfundi 7. september.



4.1. Dagskrá vinnuþings að hausti

DAGSKRÁ HAUSTÞING LÍS 2015 18 - 20. SEPTEMBER

Föstudagur

18:00 Mæting og matur.

19:30 Markmið helgarinnar.

20:00 Brainstorm um fjármál, styrki og aðrar leiðir til fjármögnunar. Skiptum í hópa - 30 mín í vinnu og 10 mín kynna fyrir hvorn flokkinn (styrki og finna aðrar leiðir).

Laugardagur

09:00 Morgunmatur

10:00 Kynning á því sem framundan er þennan dag og skipting í hópa.

10:30 Hvernig styrkja umsókn fer fram?

Textavinnustöðvar – hálf tími á hverja stöð.

--> almennt um LÍS. – Markmið LÍS. - Hvert fer fjármagnið.

--> Sérþækt – hvert fer fjármagnið – markmið. 12:30 Hádegismatur.

13:30 Samantekt á morgunstarfinu.

14:30 Hópastarf --> sækja um styrki. --> Tímalína

18:00 Sturta.

19:00 Matur + drykkur.

Sunnudagur

10:00 Morgunmatur

11:00 Gæðaumræða; hvað hefur gerst? Hvar erum við núna? Næstu skref?

12:30 Matur

13:30 Ráðuneytisvinna.

--> Vinna að skýrslu um markmið LÍS, mikilvægi, sérstöðu og hvað við höfum gert hingað til.

--> Fjármagnsáætlun – ársskýrsla.

Hvers vegna þurfum við fjármagn? Hvers vegna starfa samskonar samtök í öðrum löngum? Framtíðarmarkmið og stefnumótun.

17:00 Samantekt.

18:00 Þinglok

4.2. Markmið helgarinnar

Okkur vantar fjármagn til þess að geta greitt starfsmanni og fyrir húsnæði.

Okkur vantar fjármagn til þess að.. hvað?

→ Setja stefnu varðandi fjármögnun LÍS.

- **Styrkir:**

- Skoða hvaða styrki við getum sótt um. Hvernig við sækjum um styrki.
- Semja pottþétta styrkjaumsókn. Á Íslandi og ensku.
- Sækja um Evrópa unga fólksins styrk.

- **Verkefni:**

- Taka saman hvaða verkefni LÍS er að sinna.
- LÍS getur fengið greitt fyrir að vinna ákveðin verkefni.
 - Þýða handbók um gæðamál.
 - Þjálfa upp nemendur.

- **Finna aðrar leiðir til fjármögnunar.**

Ráðuneytið

- Fá rekstrarstyrk frá ráðuneytinu.
- Setja saman pottþétta kynningu sem svarar eftirfarandi spurningum:
 - Hvað er LÍS?
 - Hvað erum við að gera? Hvað höfum við gert? Hvað ætlum við að gera? Hvað gætum við gert?
 - Hvernig er þetta gert í öðrum löndum? Hvað fá erlend samtök mikið fjármagn?
 - Hvernig er staðan á öðrum samtökum á Íslandi?
 - Í hvað þurfum við peninga?



4.3. Fundargerð af haustþingi



Fundargerð

Dagsetning: **18. – 20. september**

Tímasetning: **18. – 20. september**

Staðsetning: **Þingið var haldið í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri.**

Mættir: Nanna Elísa Jakobsdóttir, formaður, Jóhann Már Berry, Elísabet Erlendsdóttir (varamaður fyrir HR), Tinna Dögg Guðlaugsdóttir, Helga Lind Mar, alþjóðaforseti, Sunna Mjöll Sverrisdóttir (varamaður fyrir SHÍ), Hákon Broder Lund, Ívar Örn Þráinsson og Rebekka Líf Albertsdóttir.

Boðuðu forfall: --

Fjarverandi:

Dagskrá:

I. 18. september

Nanna Elísa Jakobsdóttir, formaður samtakanna, setti þingið eftir kvöldverð klukkan 20.00. Formaður þakkaði gestgjafa þingsins, Jóhanni Má Berry, fulltrúa Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, fyrir vel unnin störf í aðdraganda þings en hann hélt að öllu leyti utan um samskipti við starfsmenn í skólanum.

Í fyrstu setti hópurinn markmið fyrir helgina en yfirskrift þingsins var fjármögnun. Markmið þingsins voru þau að semja skotheldan texta fyrir styrkjaumsóknir, finna styrki til þess að sækja um og fylla út í formið. Þá var ákveðið að sækja um styrk á vegum Erasmus+ en ljúka þarf við þá umsókn 1. október næstkomandi.

Formaður lýsti yfir ánægju sinni með hópinn sem mættur var. Á sama tíma var nauðsynlegt að minnast á hversu dræm mætingin var. Formaður lýsti yfir vonbrigðum með hversu margir hefðu afboðað sig á síðustu stundu og hversu margir höfðu ekki séð sér fært að mæta. Hópurinn ræddi mikilvægi starfsins og nauðsyn þess að standa undir skuldbindingum sínum. Ljóst er að ekki gengur að halda áfram á sömu braut þar sem ekki allir sýna starfi samtakanna virðingu og svo virðist sem um ákveðið áhugaleysi sé að ræða. Nokkrir fulltrúa bentu á að dagsetning var ákveðin fyrir þremur mánuðum og lýstu furðu sinni á að þrátt fyrir það væru svo fáir mættir.

Formaður bað alla þá sem mættir voru að velta fyrir sér hvað má betur fara í starfinu svo hægt sé að gera öllum kleift að leggja eitthvað að mörkum. Starfsemi LÍS er gríðarlega mikilvæg þar sem samtökin eru í forsvari fyrir tuttugu þúsund háskólanema en þessi hópur treystir á að kjörnir fulltrúar sinni skyldum sínum, tryggi þeirra hagsmuni og gæði náms okkar allra.

II. 19. september

Á dagskrá var að semja og ljúka við texta fyrir styrkjaumsóknir bæði á íslensku og ensku. Þá lá fyrir að skipuleggja þurfti verkefni og sækja um styrki til þess að koma þeim af stað. Fulltrúar nefndu að ímynd samtakanna, til dæmis heimasíða og virkni á samfélagsmiðlum, væri ekki nægilega sterk til þess að fyrirtæki og stofnanir myndu vera tilbúin til þess að styrkja samtökin. Það var því ákveðið að setja kynningarmál þar að auki á dagskrá.

Skipt var í hópa og tók hver að sér nokkur verkefni.

Hópur (1)

Hákon Broder Lund, Rebekka Líf og Nanna Elísa.

- Uppfæra heimasíðu, gera hana aðgengilegri og bæta inn upplýsingum.
- Uppfæra logo.

Í lok dags hafði hópurinn skipt um layout á heimasíðunni þannig að skýrar varfyrir hvað samtökin stóðu. Texti um samtökin, upplýsingar um samfélagsmiðla, meðlimi framkvæmdastjórnar, stefnu samtakanna, lög, gæðamál og upplýsingar um aðildarfélög var færður inn á síðuna.

Eftir stendur að setja inn enskar þýðingar á textunum. Einnig þarf að bæta inn nýjum myndum úr starfinu, mynd af framkvæmdastjórninni í heild, mynd af hverjum og einum framkvæmdastjórnarmeðlim og setja inn síðu þar sem stúdentar eru hvattir til þátttöku.

Hópur (2) Jóhann Már og Ívar Örn.

- Styrkbeiðnir til Reykjavíkurborgar og Landsbankans fyrir ferðakostnaði á gæðaráðstefnuna í London í nóvember auk kostnaðar vegna eftirfylgni.

Í lok dags hafði hópurinn sótt um tvo styrki og mótað verkefni sem stuðlar að þátttöku stúdentasamfélagsins í gæðamálum.

Verkefnið felst í að kynna alla háskólanema fyrir gæðamálum, efla þátttökuvilja þeirra í gæðaúttektum og í kjölfarið hefja þjálfun fyrir stúdenta í gæðaúttektum.

Hópurinn gerði drög að umsókn til Reykjavíkurborgar. Þar var stefna samtakanna í gæðamálum útlistuð með sérstakri áherslu á fyrirhugaða fer á ráðstefnu í London ásamt ráðgjafanefnd. Þá mótaði hópurinn eftirfylgnisáætlun sem felst í því að haldinn verður viðburður fyrir alla háskólanema þar sem þeir verða kynntir fyrir gæðamálum og virkjaðir til þátttöku. Þá mun hópurinn í kjölfarið koma á fót þjálfun fyrir stúdenta í gæðamálum. Með umsókninni var send fjárhagsáætlun fyrir verkefnið. Óákveðið er enn undir hvaða flokk styrkbeiðna umsóknin fer en úr því verður skorið eftir helgi.

Hópurinn sótti um milljón króna styrk úr samfélagssjóði Landsbankans fyrir fyrrnefndu verkefni.

Hópur (3)

Elisabet og Tinna Dögg:

- Mynda heilsteyptan texta um LÍS.
- Sækja um styrki af styrkjasíðu.

Í lok dags hafði hópurinn samræmt texta inni á sameiginlegu drifi samtakanna um samtökin og mótað texta fyrir styrkumsóknir.

Í kjölfarið sendi hópurinn staðlaða styrkbeiðni á eftirfarandi fyrirtæki:

- Bæjarins bestu pylur
- Icepharma
- Samskip
- Steypistöðin
- Öryggismiðstöðin
- Eimskip

Styrkumsóknin sneri að því að útlista mikilvægi samtakanna og starfsins sem þar fer fram auk þess sem áhersla var lögð á að samtök sem þessi eru ný af nálinni í íslensku samfélagi.

Hópur (4)

Helga Lind og Sunna Mjöll:

- Þýða texta um LÍS og markmið LÍS yfir á ensku fyrir styrkumsóknir og heimasíðu.
- Styrkbeiðnir til Erasmus+. Umsóknarfrestur 1. október.

Í lok dags hafði hópurinn þýtt nær allan fyrirbyggjandi texta um LÍS, markmið og starfið.

Þá setti hópurinn sig í samband við finnsk stúdentasamtök með það í huga að halda sameiginlegt verkefni þar sem samtökin læra um mikilvægi fjármögnunar og aðferðir til þess að fjármagna félagasamtök.

Hópurinn mótaði einnig hugmyndir um verkefni þar sem framkvæmdastjórn LÍS eða hluti hennar ferðast um landið og heimsækir skóla og kynnir starfsemi sína. Styrkveitingu fyrir verkefninu er hægt að sækja í gegnum Erasmus+ undir flokknum samtal ungs fólks við ráðamenn. Þannig geta samtökin myndað sterk tengsl við ráðamenn í skólum, gæðastjóra og rektora, auk þess sem hægt verður að kynna samtökin fyrir nemendum í skólanum og aðildarfélögum.

Helga Lind og Sunna Mjöll halda til Brussel í lok mánaðar og því verða aðrir í framkvæmdastjórn að grípa boltann og ljúka við umsókn áður en frestur rennur út. Stungið var upp á því að Nanna Elísa og Aldís Mjöll tækju við verkefninu.

III. **Sunnudagur 20. september**

Gæðamál

Fyrsti liður á dagskrá var kynning og umræða á gæðamálum. Hópurinn ræddi gæðamatskerfið og þátttöku nemenda í úttektunum ítarlega.

Kynning fyrir ráðuneyti

Samtökin þurfa að semja heildstæða kynningu fyrir ráðuneytið sem verður að vera tilbúin þegar kemur að því að halda á fund ráðherra og biðja um fjármagn fyrir rekstrarkostnaði.

Skipt var í fjóra hópa sem allir sinntu ákveðnum verkefnum sem lutu að því að safna tölfraðilegum upplýsingum.

ATH! Nánari upplýsingar um þessa vinnu má finna í sameiginlegu drifi samtakanna í möppunni fjármál og undir skjalinu „Kynning fyrir ráðuneyti.“

Hópur (1)

Jóhann Már Berry og Ívar Örn.

Fjárhagsáætlun fyrir samtökin. Til að gera grein fyrir því hvaða kostnað við þurfum frá ráðuneytinu, okkar framlag og hvaða pening vantar uppá svo að við getum starfað. Þegar við ætlum að sækja pening til ráðuneytisins þá getum við sýnt fram á hvaða pening vantar upp á.

Einu tekjurnar sem við erum með núna eru aðildargjöld.

Fjárhagsáætlun.

Launakostnaður: Langtímaáætlun.

Húsnæðiskostnaður:

VANTAR:

Upplýsingar um alþjóðamál:

- Hvað er búið að fara margar ferðir? Hvað kostuðu þær ferðir?
- Ferðakostnaður.
- Húsnæðiskostnaður.
- Þátttökugjöld.

- Greiningar.

Það er gott að geta gert það til að sýna að okkur er alvara með þessu.

- Ársreikningur. Klára hann. Sjá um að allar færslur séu þar inni.

Ívar Örn sér um eftirfylgni af þessu. Fylla inn í upplýsingar.

Hópur (2)

Elísabet og Tinna.

Hópurinn fór yfir fjölda háskólanema í hverjum háskóla til þess að komast að því hversu mikinn fjölda LÍS er í forsvari fyrir.

Hópurinn fór þá yfir starfsmenn í hverju aðildarfélagi. Hvort það eru yfirhöfuð starfsmenn, þá hversu margir og hvernig þeir fá greitt.

Töflur má finna inni á sameiginlegu drifi samtakanna í möppunni fjármál í skjali sem ber heitið ráðuneyti kynning.

Hópur (3)

Helga Lind, Håkon Broder Lund, Sunna Mjöll og Rebekka Líf.

Hópurinn skoðaði önnur samtök. Bæði önnur landssamtök og sambærileg samtök okkar á Íslandi. Lítið af upplýsingum um fjármögnun á heimasíðum samtakanna. Mörg félög og lönd sem við erum að bera okkur saman við hvað það eru mörg aðildarfélög og hversu marga nemendur félagið er í forsvari fyrir. Helga Lind er í sambandi við samtök í ESU sem hafa lagt spurningalista fyrir aðildarfélög varðandi fjármögnun samtakanna. Upplýsingarnar megum við nýta okkur.

Hópurinn skoðaði SÍF. Samtökin voru stofnuð árið 2007. Samtökin eru með þjónustusamning við ráðuneytið sem við þurfum að skoða nánar.

Hópurinn sýndi ársreikning NSO en samtökin eru greidd af öllum háskólanemum í Noregi. Rúmlega 1300 ISK renna frá hverjum nemanda til norsku samtakanna auk þess sem samtökin fá framlag frá ríkinu.

Hópur (4)

Nanna Elísa.

Formaður tók saman texta um samtökin, skrifaði texta um grundvöll fyrir stofnun þeirra og hóf að skrifa „afreka”lista frá stofnun samtakanna – það er hvað hefur gerst hingað til þrátt fyrir ekkert fjármagn.

Vantar að ljúka við að skrifa afrekalista og mikilvægt er að skrifa góðan texta um það hvað mögulegt er að gera með meira fjármagni.

Formaður sinnti einnig kynningarmálum um stund og yfir helgina.

Þingslit.

Eftir að allir hópar höfðu sagt frá sinni vinnu tók formaðurinn orðið og þakkaði þingliðum fyrir vel unnin störf yfir helgina. Þingið var vel heppnað og hópurinn var sammála um að góður andi hefði ríkt allan tímann.

Ákveðið var að geyma frekari verkaskiptingu til næsta framkvæmdastjórnarfundar. Rík áhersla er lögð á að allir meðlimir framkvæmdastjórar mæti á þann fund þar sem stefnt er að því að María Kristín Gylfadóttir hjá Rannís og Sigurður Óli hjá Rannís haldi erindi á fundinum og kynni verkefni sem LÍS mun taka að sér á næstunni.

Næsti framkvæmdastjórnarfundur verður haldinn í lok október í samráði við Rannís og framkvæmdastjórnina í heild.

Nanna Elísa Jakobsdóttir, formaður, ritaði fundargerð þessa með leyfi ritara. Þingi var slitið 17.06

Nafn ritara: Nanna Elísa Jakobsdóttir, með leyfi ritara.



5. HÚSNÆÐISMÁL

Þegar framkvæmdastjórn ársins 2015-2016 tók við voru Landssamtök íslenskra stúdenta ekki með fasta aðstöðu, hvorki þegar kom að fundahaldi né daglegum skrifstofustörfum. Það var því eitt af ríkustu áhersluatriðum stjórnarinnar að finna slíka aðstöðu.

5.1. Fundaraðstaða

Flestir fundir framkvæmdastjórnar LÍS þetta árið voru haldnir í húsakynnum Rannís í Borgartúni 30. Rannís styrkti LÍS um þessa aðstöðu, bauð upp á kaffi og fjarfundabúnað.

5.2. Skrifstofuhúsnæði

5.2.1. Rannís

Samningaviðræður við Rannís varðandi skrifstofuhúsnæði hófust strax snemma á haustmánuðum 2015.

Eftirfarandi tilboð barst:

4.200 kr. pr. fermetra með aðgengi að sameign og venjulegri fundaraðstöðu og óskilgreindri þjónustu. Minni skrifstofan var 10 m² sem myndi þá kosta 42.000 þ.kr. eins og verið er í dag. Það er 13.6 fermetrar og verið væri þá 57.120 kr. Gert er ráð fyrir að vísitölutengja þetta með sama hætti og leiga Rannís er vísitölutryggð.

5.2.2. Bandalag háskólamanna

Bandalag háskólamanna hafði samband við LÍS í desember til þess að ræða samstarf. Það fór svo eftir að forsvarsmenn BHM höfðu hitt formann samtakanna, Nönnu Elísu Jakobsdóttur, að stjórn BHM tók þá ákvörðun að bjóða LÍS aðstöðu í húsnæði sínu í Borgartúni 6.

Munnlegur samningur komst á um téða aðstöðu. Landssamtök íslenskra stúdenta fá skrifstofuherbergi, aðgang að fundaaðstöðu og kaffistofu auk annarrar tilfallandi þjónustu.

Landssamtök íslenskra stúdenta munu í samstarfi sínu við Bandalag háskólamanna:

- finna leiðir til þess að efla þekkingu stúdenta á kjara- og réttindamálum.
- taka þátt í stefnumótun hvað varðar sameiginleg hagsmuna- og réttindamál.
- aðstoða BHM við kannanir á stöðu háskólamenntaðra í samfélaginu.
- vinna ásamt BHM að vinnumiðlun fyrir stúdenta.



- taka þátt í stefnumótun BHM hvað varðar lífeyrismál með sérstaka áherslu á hópinn sem er á leið inn á vinnumarkaðinn.

Framkvæmdastjórn LÍS samþykkti á framkvæmdastjórnarfundum sínum 7. mars að ganga að samningnum og flutti inn í nýja skrifstofu strax í mars.

6. ALÞJÓÐASTARF

Við stofnun Landssamtaka íslenskra stúdentanna (LÍS) árið 2013 var tekin sú ákvörðun að leggja sérstaka áherslu á alþjóðastarf og gæðamál í starfi samtakanna. Einnig var tilgangurinn að losa SHÍ undan ábyrgðinni sem fylgdi alþjóðastarfinu. Af þeim ástæðum var ákveðið að stofna alþjóðanefnd LÍS.

Ákveðinn verkferill um gjaldkerastarfið myndaðist fljótt sem komandi gjaldkerar munu vonandi geta tileinkað sér og þróað áfram. Í ár var markmið gjaldkera að hafa gagnsæi í fyrirrúmi og að allt bókhald væri vel skipulagt. Enda eru það lykilhættir góðs bókahalds. Með auknu gagnsæi verður aðhald sem krefst góðs skipulags.

Nauðsynlegt er að haldið sé vel utan um allar kvittanir, nótur og reikninga. Ef lagt er út fyrir einhverjum kostnaði skal ávallt biðja um nótu sem skal berast gjaldkera, þá sérstaklega ef viðkomandi vill fá hana endurgreidda. Gjaldkeri skal halda utan um sjóðstreymi í skipulögðu skjali þar sem vísað er í viðeigandi fylgiskjöl. Fylgiskjal er til dæmis kvittun, nóta eða reikningur sem fylgir hverri færslu og er til vitnis um færsluna. Gott er að halda utan um þau skjöl í möppu með númerakerfi. Einnig er góð vinnuregla að greiða ekki reikning fyrr en hann er kominn í hendur gjaldkera. Þannig getur gjaldkeri gengið úr skugga um að viðkomandi reikningur sé réttur og ætti því aldrei að lenda í því að borga rangan reikning.

Hafa skal hugfast að gjaldkeri framkvæmir aðeins það vald er framkvæmdastjórn felur honum. Gjaldkeri tekur engar ákvarðanir nema í samráði við framkvæmdastjórn. Það er meginregla sem gjaldkeri samtakanna í ár gekk út frá.

Gjaldkerastörfin og alþjóðamálin tvinnast saman þá sérstaklega vegna þeirrar afstöðu sem fyrsta framkvæmdastjórn LÍŠ tók, að verja meirihluta fjármagns samtakanna í alþjóðastörf. Af þessum sökum þarf að vera góð samvinna milli gjaldkera og alþjóðaforseta en það grundvallast



á því að vera í góðum samskiptum. Í ár reyndi gjaldkeri eftir bestu getu að vera ávallt til taks og var samstarf milli núverandi gjaldkera og alþjóðaforseta farsælt.

Við gerð ársreiknings 2015 vann gjaldkeri hörðum höndum en það ferli var virkilega lærdómsríkt fyrir hann sjálfan sem og vonandi samtökin í heild sinni. Núverandi gjaldkeri vonast eftir því að geta miðlað þeirri reynslu áfram. Hann vann í nánú samstarfi við annan gjaldkera sem er vanur ársreikningagerð og annarri svipaðri gjaldkeravinnu.

Núverandi gjaldkeri varði miklum tíma í að koma bókhaldi LÍS í gott stand og var sú vinna unnin af mikilli nákvæmni. Hann vann að bókhaldi starfsársins 2015-2016 og eins vann hann að sundurliðun ársins 2014-2015. Gjaldkeri vonar að komandi gjaldkerar geti lært af reynslu hans og bókhald LÍS haldi áfram að blómstra.

Bestu kveðjur,

Aldís Mjöll Geirsdóttir gjaldkeri Landssamtaka íslenskra stúdenta.

12.2. Rekstrarreikningur 2015

Tekjur	Skýr.	2015	2014
Opinber framlög.....		0	
Styrkir og gjafir		2.272.129	
Félagsgjöld		1.040.000	
Aðrar tekjur		594.253	
Tekjur samtals		<u>3.906.382</u>	<u>0</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld			
Fundir og ráðstefnur erlendis		2.346.043	
Fundir og ráðstefnur héraðs		1.093.289	
Félagsgjöld ESU		42.366	
Annar kostnaður		37.733	
Afskriftir fastafjármuna			
Gjöld samtals		<u>3.519.431</u>	<u>0</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		<u>386.951</u>	<u>0</u>
Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur		3.575	
Vaxtagjöld og verðbætur			
Fjármagnstekjuskattur		-714	
Fjárm.liðir samtals		<u>2.861</u>	<u>0</u>
Hagnaður ársins		<u>389.812</u>	<u>0</u>

12.3. Efnahagsreikningur 2015

Eignir	Skýr.	2015	2014
Fastafjármunir			
Fasteignir			
Aðrar eignir			
Fastafjármunir samtals			
Veltufjármunir			
Skammtíma kröfur			
Innistæða á kreditkortum		133.560	
Bankainnstæður og sjóðir		256.252	
Veltufjármunir samtals		389.812	
Eignir alls		389.812	
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Eigið fé í ársbyrjun		0	
Endurmat og verðbreytingarfærsla á árinu			
Hagnaður ársins		389.812	
Eigið fé samtals		389.812	
Langtímaskuldir			
Veðskuldir			
Aðrar langtímaskuldir			
Langtímaskuldir samtals			
Skammtímaskuldir			
Ógreiddur kostnaður			
Aðrar skammtímaskuldir			
Skammtímaskuldir samtals			
Skuldir og eigið fé alls		389.812	

12.4. Sundurliðun á tekjum

Styrkir og gjafir

Sundurliðun

			Skýring
13.2.2015	Ungmennafélag Íslands	1.572.129	Styrkur fyrir Danmerkurferð
29.4.2015	Rannsóknamiðstöð Íslands	350.000	Styrkur fyrir Landsþing 2015
30.4.2015	Rannsóknamiðstöð Íslands	350.000	Styrkur fyrir Landsþing 2015
	Samtals	ISK 2.272.129	

Félagsgjöld

Sundurliðun

			Skýring
16.4.2015	Nemendafélag Landbúnaðarháskóla	60.000	Félagsgjöld 2014
29.5.2015	Stúdentafélag Háskólans í Rvík	175.000	Félagsgjöld 2015
2.6.2015	Félag stúdenta v/Hásk Akureyri	175.000	Félagsgjöld 2015
22.6.2015	Nemendafélag Landbúnaðarháskóla	60.000	Félagsgjöld 2015
29.6.2015	Nemendafélag Háskólans Bifröst	100.000	Félagsgjöld 2015
1.7.2015	Samband íslenskra námsmanna erl	60.000	Félagsgjöld 2015
1.7.2015	Stúdentaráð Háskóla Íslands	350.000	Félagsgjöld 2015
17.9.2015	Stúdentafélag Hólaskóla	60.000	Félagsgjöld 2015
	Samtals	ISK 1.040.000	

Aðrar tekjur

Sundurliðun

			Skýring
3.3.2015	Stúdentaráð Háskóla Íslands	375.360	Innistæða LÍS-bankareiknings undir SHÍ
22.7.2015	Stúdentaráð Háskóla Íslands	175.000	Innistæða LÍS-bankareiknings undir SHÍ
20.8.2015	ESU	43.893	Endurgreiðsla frá ESU v/BM
	Samtals	ISK 594.253	

12.5. Sundurliðun á gjöldum

Fundir og ráðstefnur erlendis

Sundurliðun

Nánari sundurliðun

Sundurliðun		Danmörk í mars		Kph - NOM			
Danmörk mars 2015 [15]		Flug		624.330	Flug	72.154	
Flug	624.330	19.2.2015	Icelandair ticket sales	44.595	13.4.2015	Icelandair ticket sales	51.495
Samgöngur	56.180	19.2.2015	Icelandair ticket sales	178.380	12.4.2015	BravoFly co uk BGY CPH 23	11.013
Gisting	272.440	19.2.2015	Icelandair ticket sales	44.595	12.4.2016	BravoFly co uk ATH BGY 23	9.646
Fæði	433.831	19.2.2015	Icelandair ticket sales	44.595	Samgöngur		5.350
Annað	16.234	19.2.2015	Icelandair ticket sales	312.165	27.11.2015	Helga Lind Mar	5.350
Riga - Latvia - ESC29 [1]		Samgöngur		56.180	<i>Armenia - BM68</i>		
Flug	121.925	6.3.2015	DSB KASTRUP AUT	10.304	Flug:		93.944
Samgöngur	6.404	6.3.2015	Reykjavik Excursion ehf	3.510	10.6.2015	Daníel Stefán Þorkelsson	60.784
Þátttökugjald greitt 2016		6.3.2015	Reykjavik Excursion ehf	16.770	2.5.2015	PETAS GR ALTAIR TRAV	33.160
Kaupmannahöfn - DK - NOM [2]		9.3.2015	TAXA 4X35	3.118	Samgöngur		3.800
Flug	72.154	9.3.2015	TAXA 4X35	3.076	27.11.2015	Helga Lind Mar	3.800
Samgöngur	5.350	9.3.2015	TAXA 4X35	2.023	<i>Brussel - ESC30</i>		
Armenía - BM68 [2]		10.3.2015	METROSTATION KGS NYTORV T	4.429	Flug:		157.769
Flug	93.944	11.3.2015	Aníta Brá Ingvadóttir	12.950	10.9.2015	Icelandair ticket sales	88.776
Samgöngur	3.800	Gisting		272.440	10.9.2015	WOW air	68.993
Brussel - Belgía - ESC30 [2]		23.2.2015	Landsbankinn hf. Fyrirtækjamiðs	272.440	Þátttökugjald		32.463
Flug	157.769	Fæði		433.831	15.9.2015	EG989609	32.463
Samgöngur	11.576	10.3.2015	PREGO24	23.129	Samgöngur		11.576
Þátttökugjald	32.463	10.3.2015	WOK ON	1.313	27.11.2015	Helga Lind Mar	11.576
Oslo - Noregur - NOM [2]		9.3.2015	GENERATOR HOSTEL COPENHAG	31.577	<i>Oslo - NOM</i>		
Flug	80.990	9.3.2015	NETTO LANDEMAERKET	6.065	Flug:		80.990
Samgöngur	17.521	9.3.2015	NETTO LANDEMAERKET	95.012	29.10.2015	Helga Lind Mar	42.215
London - England - EQAF [2]		8.3.2015	HARD ROCK CAFE SHOP	56.774	29.10.2015	Helga Lind Mar	38.775
Flug	72.991	8.3.2015	RizRaz	1.084	Samgöngur		17.521
Gisting	6.829	7.3.2015	Ristorante Italiano	21.896	27.11.2015	Helga Lind Mar	17.521
Samgöngur	9.163	7.3.2015	Ristorante Italiano	1.160	<i>London - EQAF</i>		
Þátttökugjald	34.905	7.3.2015	7ELEVEN B 021	4.217	Flug		72.991
Rúmenía - BM69 [2]		7.3.2015	7ELEVEN B 021	5.052	23.10.2015	WOW air	72.991
Flug	146.828	7.3.2015	FORENINGEN STUDENTERHUSET	23.431	Gisting		6.829
Þátttökugjald	31.786	6.3.2015	DALLE VALLE	142.493	1.11.2015	Staðfestingargjald gisting v/EQAF London	6.829
Annað		6.3.2015	BIOMIO APS AF 2013	14.607	Samgöngur		9.163
Flug	36.630	5.3.2015	Hagkaup Skeifan	6.021	27.11.2015	Samgöngur v/EQAF London	9.163
Samtals ISK 2.346.043		7.4.2015	Helga Lind Mar	16.234	Þátttökugjald		34.905
[Fjöldi fulltrúa]		6.3.2015	66 North-Rammagerdin (sk. Gjölf)	4.780	23.10.2015	Þátttökugjald (240 EUR) v/EQAF London	34.905
		6.3.2015	Duty Free Store (Sk. Gjölf)	11.454	Flug		146.828
		<i>Riga - ESC29</i>			7.11.2015	Flug v/BM69 Rúmenía	88.670
		Flug		121.925	7.11.2015	Flug v/BM69 Rúmenía	58.158
		18.3.2015	TL1426691815741	121.925	Þátttökugjald		31.786
		Samgöngur		6.404	20.11.2015	Þátttökugjald v/BM69 Rúmenía	31.786
		16.4.2015	Helga Lind Mar	6.404	<i>Annað</i>		
					Flugkostnaður 2014		36.630
					13.4.2015	Daníel Stefán Þorkelsson	36.630

Fundir og ráðstefnur hérlendis

Sundurliðun	
Haustþing 2014 [13]	
Ferðakostnaður	139.320
Fæði	25.358
Landsþing 2015 [53]	
Gisting	700.000
Annað	64.000
Sumarþing 2015 [8]	
Fæði	43.243
Haustþing 2015 [9]	
Fæði	70.000
Gisting	50.368
Annað	1.000
Samtals	ISK 1.093.289
[Fjöldi fulltrúa]	

Nánari sundurliðun		
Haustþing 2014		
Ferðakostnaður		139.320
2.3.2015	Ferðaþjónustan Hólum Hjaltadal	139.320
Fæði		25.358
10.7.2015	Videosport ehf - matreiðslustaður	2.553
10.7.2015	Videosport ehf - matreiðslustaður	22.805
Landsþing 2015		
Gisting		700.000
5.5.2015	Héraðsskólinn ehf.	350.000
29.4.2015	Héraðsskólinn ehf.	350.000
Annað		64.000
28.3.2015	Laugarvatn Fontana	64.000
Sumarþing 2015		
Fæði		43.243
2.7.2015	Nanna Elísa Snædal Jakobsdóttir	2.593
1.7.2015	Valdemar Karl Kristinsson	20.781
29.6.2015	Nanna Elísa Snædal Jakobsdóttir	11.838
28.6.2015	Olgerdin sjalfsalar	120
28.6.2015	Olgerdin sjalfsalar	190
28.6.2015	BONUS Fiskislod	7.721
Haustþing 2015		
Fæði		70.000
21.9.2015	Óli Páll Einarsson / Laun f. matreiðslu	70.000
Gisting		50.368
22.10.2015	Landbúnaðarháskóli Íslands	568
22.10.2015	Landbúnaðarháskóli Íslands	49.800
Annað		1.000
27.11.2015	Helga Lind Mar	1.000

Annar kostnaður

Sundurliðun	
Heimasíða	20.423
Þjónustugjöld	11.310
Þýðing á lögum	6.000
Samtals	ISK 37.733

Nánari sundurliðun		
Heimasíða		20.423
9.3.2015	ISNIC Internet a Islandi	5.980
30.3.2015	SQUARESPACE INC.	8.353
12.11.2015	Heimasíðugjöld	6.090
Þjónustugjöld		11.310
23.2.2015	Landsbankinn hf. Fyrirtækjamiðs	1.550
1.4.2015	Innheimtugjöld	160
4.5.2015	Innheimtugjöld	505
1.6.2015	Innheimtugjöld	435
1.7.2015	Innheimtugjöld	265
4.8.2015	Innheimtugjöld	150
20.8.2015	Landsbankinn hf. Fyrirtækjamiðs	700
1.9.2015	Innheimtugjöld	270
15.9.2015	Landsbankinn hf. Fyrirtækjamiðs	4.000
1.10.2015	Innheimtugjöld	75
10.11.2015	Landsbankinn hf. Fyrirtækjamiðs	1.650
20.11.2015	Landsbankinn hf. Fyrirtækjamiðs	1.550
Þýðing á lögum		6.000
18.11.2015	Gyða Björk Jónsdóttir	6.000

12.6. Umsókn til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Á staarfsári fráfarandi framkvæmdastjórnar var ráðist í gerð umsóknar til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (hérðan í frá MNR). Umsóknin er þess eðlis að LÍS biðlaðar til MNR að ráðuneytið styrki samtökin fjárhagslega á ári hverju. Framkvæmdastjórn LÍS leggur til tvær leiðir í þeim málum það er a) þjónustusamningur ríkisins við LÍS til nokkra ára, þessi samningur felur í sér að ríkið myndi styrkja samtökin um fasta fjárupphæð árlega í ákveðið mörg ár; b) að LÍS fari á fjárlög.

Mikil undirbúningsvinna átti sér stað fyrir þessa umsókn, lagður var grunnur að henni á haustþingi fráfarandi framkvæmdastjórnar. Fráfarandi formaður ræddi stuttlega við Illuga Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra, á viðburði á vegum RANNÍS, um að hittast og ræða málefni LÍS en ráðherra tók vel í það.

Fráfarandi formaður hitti samt sem áður aðstoðarmann mennta- og menningarmálaráðherra og skrifstofustjóra skrifstofu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til þess að ræða málefni LÍS. Á fundinum kom m.a. annars fram að mikli jákvæðni var á vegum ráðuneytisins er varðar störf LÍS. Út frá fundi þessum tók framkvæmdastjórn að vinna að umræddi umsókn sem send verður mennta- og menningarmálaráðuneytinu í mars og framkvæmdastjórn gerir fastlega ráð fyrir að vel verði tekið í þá umsókn af hálfu ráðuneytisins.

Í umsókninni var gerð ítarleg fjárhagsáætlun fyrir kostnað við starf samtakanna á ársgrundvelli. Kostnaðarliðirnir, kostnaður og skýring á kostnaðurlíðum eru eftirfarandi

Fundir og ráðstefnur erlendis	
Fjöldi	8
Flugferðir	
Kostnaður	160.000 ISK
Samtals:	1.280.000 ISK
Samgöngur	
Kostnaður	12.000 ISK
Samtals:	96.000 ISK
Þátttökugjald	
Kostnaður	35.000 ISK
Samtals:	280.000 ISK
Gisting	
Fjöldi	2
Kostnaður	52.000 ISK
Samtals:	104.000 ISK
Alls:	1.760.000 ISK

Á hverju ári þurfa fulltrúar í framkvæmdastjórn LÍS að fara erlendis til þess að sinna alþjóðastarfi samtakanna. Í liðinum „Fundir og ráðstefnur erlendis“ er kostnaður við þær ferðir erlendis sem fulltrúar LÍS þurfa að fara í á ári hverju kynntur til sögunnar. Miðað er við að fjöldi fulltrúa í hverri ferð séu tveir hverju sinni.

Liðurinn er reiknaður þannig að meðaltal er tekið af kostnaði átta ferða sem voru erlendis. Sjö af þessum átta fundum og/eða ráðstefnum áttu sér stað á árinu 2015 en það eina tilvik sem stendur út af var fyrirhuguð ráðstefna erlendis en samtökin höfðu því miður ekki fjármagn til þess að senda fulltrúa í þá ferð. Ástæðan fyrir því að ferðirnar eru hafðar átta eru að undir öllum kringumstæðum vill framkvæmdastjórn samtakanna senda fulltrúa á átta fundi og ráðstefnur erlendis á ári hverju. Sex af þessum átta fundum og/eða ráðstefnum tengjast árlegum viðburðum í alþjóðamálum stúdenta. Tvær af þessum átta ferðum eru fundir og/eða ráðstefnur sem eru tilfallandi á ári hverju, svo sem ráðstefnur eða fundir sem tengjast gæðastarfi háskólanna eða samvinnu stúdenta á alþjóðavettvangi.

Þessir sex árlegu fundir og/eða ráðstefnur erlendis sem framkvæmdastjórn LÍS vill senda fulltrúa á eru:

- Tveir stjórnarfundir Regnhlífasamtaka landssamtaka stúdentafélaga í Evrópu (European Student Union eða ESU).
- Tveir fundir er varða samstarf milli landssamtaka stúdenta á norðurlöndunum og í eystrarsaltstríkjunum (Nordiskt Ordförande Möte eða NOM).
- Tvær ráðstefnur á vegum aðildarfélags Regnhlífasamtaka landssamtaka stúdentafélaga í Evrópu (European Student Union eða ESU).

Þessi tveir fundir og/eða ráðstefnur á árinu 2015 sem voru tilfallandi og framkvæmdastjórn LÍS sendi tvo fulltrúa voru

- Tvær gæðaráðstefnur eða European Quality Assurance Forum (EQAF)⁵.

Athygli er vakinn á því að þegar talað er um „Fjöldi“ undir liðinum „Gisting“ er átt við fjölda utanlandsferða þar sem LÍS þarf að greiða gistingu fyrir fulltrúa sína.

⁵ Ath. LÍS sendi aðeins fulltrúa á eina ráðstefnu af þessum tveimur en hefði gjarnan viljað senda fulltrúa á báðar ráðstefnunar en hafði því miður ekki fjármagn á reiðum höndum til þess að gera svo.

Launakostnaður	
Skrifstofufólk skv. VR á mán.	
1	277.586 ISK
Formaður	
1	277.586 ISK
Varaformaður	
0,5	138.793 ISK
Gæðastjóri	
0,5	138.793 ISK
Alþjóðaforseti	
0,5	138.793 ISK
Framkvæmdastjóri	
0,5	138.793 ISK
Samtals	
3	832.758 ISK
Á ári	9.993.096 ISK

Í liðnum „Launakostnaður“ er teknar upplýsingar úr launatöflu kjarasamnings VR og Samtaka Atvinnulífsins um launataxta frá 1. janúar árið 2016⁶. Reiknað er með því að formaður sé í fullu starfi en varaformaður, gæðastjóri, alþjóðaforseti og framkvæmdastjóri í hálfu starfi. Þegar ákveðið er til um starfshlutfall hvers embættis er reynsla þeirra sem gegna embættunum höfð til hliðsjónar. Þetta á við um öll embætti fyrir utan framkvæmdastjór sökum þess að LÍS hefur ekki geta, sökum fjárskorts, ráðið sér framkvæmdastjóra. Áætlað er að hálfu starfshlutfall framkvæmdastjóra sé nóg til þess að byrja með en framkvæmdastjóri á að sjá um daglegan rekstur samtakanna.

Þing	
Landsþing	
Gisting og uppihald	1.050.000 ISK
Ferðakostnaður	100.000 ISK
Samtals	1.150.000 ISK
Haustþing	
Gisting og uppihald	120.000 ISK
Annað	1.200 ISK
Samtals	121.200 ISK

Í liðnum „Þing“ er dreginn saman kostnaður þeirra tveggja þinga sem framkvæmdastjórn er skylt að halda árlega samkv. lögum samtakanna. Tölurnar í töflu 5 eru byggðar á kostnaði við haust- og landsþing árið 2015. Þegar er talað um „Annað“ undir „Haustþing“ er átt við hluti eins og t.d. afþreyingu.

⁶ Kjarasamningar VR og SA 2016 – launatöflur. Launataxtar 1. janúar árið 2016
<https://www.vr.is/media/3794/kjarasamningur-vr-og-sa-2016-launatoflur.pdf>

Annað	
Heimasíða	12.000 ISK

Undir liðnum „Annað“ er kostnaður samtakanna við að halda úti heimasíðu LÍS⁷. Kostnaðurinn felst því að halda úti svæði á internetinu og léni.

Húsnæði	
Leiga á mánuði	60.000 ISK
Leiga á ári	720.000 ISK

Í liðnum „Húsnæði“ er notast við tölur úr tilboði sem samtökin fengur frá RANNÍS. Framkvæmdastjórn tók samt sem áður þá ákvörðun um að hafna þessu tilboði sökum þess að samtökin eiga ekki tiltækt fjármagn sem til þarf. Samtökin eru nú til húsa í húsnæði Bandalangs Háskólamanna (BHM). BHM bauð LÍS skrifstofu húsnæði LÍS að kostnaðurlausu í eitt ár gegn því að gerður væri samningur á milli BHM og LÍS um samvinnu beggja aðila. Eftir eitt ár ríkir í raun óvissa um hvað gerist í húsnæðismálum LÍS en núverandi framkvæmdastjórn þykir líklegt að reynt verði að gera samning – sem er álíkur þeim er RANNÍS bauð LÍS- við BHM eða RANNÍS.

Framkvæmdastjórn LÍS telur þá hluti sem nefnda eru í fjárhagsáætlun vera mikilvæga hluti sem þurfi að verða til staðar svo að samtökin geti sinnt sínum störfum. Það fjármagn sem beðið er um er grundvöllur fyrir því að samtökin geti haldið starfsemi sinni áfram og einnig bætt starfsemi sína. Íslenskri háskólar og allir þeir aðilar sem tilheyra íslensku háskólasamfélagi græða á tilvist LÍS og sökum þess er mikilvægt að starfsemi samtakanna haldi áfram um ókomna framtíð. Þess má geta að heildarkostnaður við árlegan rekstur samtakanna, samkvæmt fjárhagsáætlun þessari, er 13.756.296 ISK.

Í umsókninni er svo rætt um mikilvægi LÍS fyrir íslenskt háskólasamfélag, skoðað er hvernig ríkisstyrkum til landssamtaka stúdenta er háttað í öðrum Evrópulöndum og færð eru greinargóð rök fyrir því af hverju íslenskt stjórnvöld og íslensktir stúdentar græði á sterku LÍS.

Að lokum má þess geta að þegar árskýrsla þessi er skrifuð er umsóknin ekki fullunnin, fjárhagsáætlunin gæti tekið einhverjum breytingum sem og annað efni innan umsóknarinnar.

⁷ www.haskolanemar.is

13. LOKAORÐ

Eftir þessa yfirlit er það ljóst að starf fráfaraframtakstjórnar LÍS hefur verið gífurlega umfangsmikið og starf samtakanna hefur vaxið mikið frá degi til dags. Stór skref hafa verið tekin á sviði alþjóðamála sem og á sviði innra og ytra starfs samtakanna. Fjármálin hafa verið tekin í gegn og það ætti að reynast komandi framtakstjórn auðvelt að taka við fjármálum samtakanna sem frá var horfið.

Meðlimir fráfaraframtakstjórnar drógu mikinn lærdóm af starfi sínu fyrir samtökin á þessu starfsári sem er nú senn á enda. Mikil áhersla hefur verið lögð á að koma þeirri þekkingu sem fráfaraframtakstjórn öðlaðist í starfi sínu til komandi framtakstjórnar og það er þá einna gert í formi verklags, stefna og skýrsla.

Lögð hefur verið gífurleg áhersla á að reisa sterk innviði innan samtakanna, innviði sem koma til með að standa traustum fótum um ókomna tíma og auðvelda starf komandi framtakstjórnar til muna. Þó er mikilvægt að komandi framtakstjórn hafi það í huga að leitast stöðugt við að bæta starf samtakanna og gera þeim sem koma til með að erfa LÍS auðveldara fyrir að sinna starfi sínu.

Framtíð LÍS er björt, nóg er af tækifærum sem bíða þess eins að vera nýtt. En árskoranir eru þó alltaf á næstu grösom – og þá nóg af þeim. Samt sem áður, með hjálp þess góða starfs samtakanna fráfaraframtakstjórn hefur unnið þá getur komandi framtakstjórn vel nýtt þau tækifæri sem eru til staðar sem og yfirstigið þær áskoranir sem samtökin standa frammi fyrir.

Fráfaraframtakstjórn þakkar fyrir sig og óskar komandi framtakstjórn velgengni í starfi sínu.

Bestu kveðjur,

Framtaksstjórn Landssamtaka íslenskra stúdenta 2015 til 2016.



14. VIÐAUKAR

14.1. Fundarboðanir og fundargerðir

Fundarboðanir og fundargerðir starfsársins 2015-2016

Gögn varðandi marsfund



Fundargerð

Dagsetning: 29. mars 2015, síðasti dagur landsþings LÍS 2015

Tímasetning: --

Staðsetning: Héraðsskólinn Laugarvatni

Mættir: Gauti Skúlason, Þórunn Unnur Birgisdóttir, Ívar Örn Þráinsson, Nanna Elísa Jakobsdóttir, Helga Lind Mar, Aldís Mjöll Geirsdóttir (áheyrnarfulltrúi f.h. SHÍ).

Boðuðu forfall: Á ekki við.

Fjarverandi: Á ekki við.

Dagskrá:



Engin fyrirfram ákveðin dagskrá var fyrir fundinn. Hann meira hugsaður sem létt spjall.

Þó var eftirfarandi sérstaklega rætt:

- IV. Aukin áhersla skyldi lögð á að fjarfundabúnaður væri fyrir hendi á fundum og að fulltrúum væri gert auðvelt að sækja fundi þrátt fyrir fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Landssamtök íslenskra stúdenta virka aðeins ef allir taka, og geta tekið, fullan þátt, hvaðan sem af landinu þeir koma og hvar sem þeir kjósa að búa.
- V. Fundarstjórn. Rætt var að betra skipulag yrði að vera á fundum og að trygg fundarstjórn yrði að vera fyrir hendi. Þá voru ræddir möguleikar þess að einhver einn, til að mynda varaformaður, sæi um fundarstjórn fyrir hvern fund eða sæi um að finna fundarstjóra.
- VI. Nýkjörinn formaður, Nanna Elísa Jakobsdóttir, bað fulltrúa í framkvæmdastjórn um að leggja sitt af mörkum til þess að starfsárið gæti gengið sem best. Nanna sagðist ætla að gefa allt sitt í starfsárið en hún gæti ekki haldið félaginu uppi ein.

Nokkrar umræður fóru af stað um framtíð LÍS og samstarf háskólanema.

Fundi slitið.

Nafn ritara: Nanna Elísa Jakobsdóttir tók saman fundargerð.

Gögn varðandi aprílfund



Fundargerð

Dagsetning: 13. apríl 2015



Tímasetning: 18.00

Staðsetning: Fundarherbergi 3H, Háskólinn í Reykjavík

Mættir: Jórunn Pála Jónasdóttir, Nanna Elísa Jakobsdóttir, Árni Þórólfur Árnason, Aldís Mjöll Geirsdóttir, Ívar Örn Þráinsson, Gauti Skúlason, Þórunn Unnur Birgisdóttir, Jakob Wayne Víkingur Róbertsson, María Gyða Pétursdóttir, Silja Yraola, Valdemar Karl Kristinsson, Jóhann Gunnar Þórarinsson, Jóhann Már Berry, Rebekka Líf Alberts, Elísabet Erlendsdóttir og Helga Lind Mar.

Boðuðu forfall: Á ekki við.

Fjarverandi: Á ekki við.

Dagskrá:

Hugsaður sem nokkurs konar skiptafundur. Bæði gömul og ný framkvæmdastjórn boðuð. Nanna Elísa Jakobsdóttir stýrði fundinum.

I. Reynslusögur. Förum aðeins yfir árið 2014-2015 og ræðum hvað er mikilvægt að fara í á þessu starfsári.

Gera betur:

- Ákveða stöður innan stjórnar fyrr.
- Fara fyrr í peppferð/peppmatarboð
- Vinnuferð að hausti: Einfalda með því að leigja húsnæði úti á landi. Stéttarfélagabústaðir.
- Hringferð LÍS. Fara og heimsækja skólana. Vera með opinn fund fyrir nemendur skóla og félaga. Kynna LÍS.
- Styrkur frá Evrópu unga fólksins. Flétta stjórnámamann inn í þetta



á e-m tímapunkti. Samtal við stjórnvöld.

- Vera virk að sækja um það sem við getum sótt um.
- Virkja fleiri.

Gott:

- DK ferð.

II. 2) Fjármögnun. Vinna sem þarf að fara í gang strax. Action plan.

- Stefnumótun.
- Innheimta aðildargjöld strax. Sent út í nóvember.
- Ákveða gjalddaga og eindaga. Nanna Elísa leggur til gjalddaga 1. júní.
- Koma styrkumleitunum af stað strax.
- 30. apríl.
- Valkvætt inni í heimabanka.
- Fjármögnunarteymi:
 - Ívar.
 - Nanna.
 - Aldís Mjöll.
 - Jakob Wayne.
 - Gauti.
- Ársreikningur:
 - Þórunn, Ívar og Jakob.
- LÍS: 80 þúsund inn á veltureikningi.
72 þúsund.
Fontana: + 62 þúsund
Evrópa unga: Milljón.
- Styrkur frá Evrópu unga fólksins.
- Klára að senda lokaskýrsluna. Fáum aðgang að kerfinu á fimmtudaginn 16. apríl.
- Spurning hvernig þarf að skrásetja þátttakendur frá Danmörku, hversu ítarlegt það er.
- Skoðað nánar þegar við fáum aðgang.



III. Alþjóðastarf: Armeníuferð og Ícelandair.

- Samningur við Ícelandair: Gera samning. Fara í markaðsdeild hjá Ícelandair. Þjóða þeim eitthvað í staðinn fyrir að gefa okkur fríðindi.

- Setja saman pakka. Hvað hefur LÍS upp á að þjóða?

- Mæta með pakka – helst gull, silfur, brons. Mæta á fund og segja: Þetta eru samtökin, við erum svona, þetta er það sem við getum gert fyrir þig.

- haskolanemar.is

- Kynningarpakkar:

Samningahópur:

- Helga Lind

- Baldur

- Nanna Elísa

- Armeníuferð:

- Helga Lind sendir skjöl á framkvæmdastjórn.

- Aðildarfélag þurfa að fara yfir þau saman. Og taka afstöðu.

IV. Skipulag starfsárs 2015-2016.

- Fundadagskrá ársins

- Leggja til fundi fyrir allt árið.

- Vinnuþing að hausti

- Sumarferð

- ATH! Hvítasunnuhelgi.

- Samskipti



- Google drive. haskolanemar@gmail.com
 - mappa: gamalt.
- Mail.
- Google dagatal. Reminder. Allir með aðgang.
- Kosning.
 - Rafrænn fundur.
 - Ákveðið verklag.
- Stöður innan framkvæmdastjórnar
 - Varaformaður
 - fundarstjóri
 - Ritari
 - Gjaldkeri
 - Viðburðastjóri
 - Markaðsstjóri
 - Sér um samninga. Samskipti við banka
 - Kynningarfulltrúi
 - Alþjóðaforseti
 - Alþjóðanefnd
 - Gæðastjóri
 - Meðstjórnendur
- Varamenn
 - Fundir framkvæmdastjórnar eru opnir.



- Fundarsköp

V. Önnur mál

Nafn ritara: Nanna Elísa Jakobsdóttir, formaður. (Vegna tækniörðugleika gat boðaður ritari fundarins ekki sinnt ritarastörfum.)

Fundi slitið 19.50.

Gögn varðandi maífund

Stóri póstur / upplýsingapóstur til framkvæmdastjórnar í maí:

Kæra framkvæmdastjórn,

Afsakið langan póst en hvert orð er mikilvægt þannig að ég bið ykkur um að lesa þetta bréf afskaplega vel. **Síðasti séns til að svara doodle er kl. 23.59 fimmtudagurinn 21. maí.**

Nú þurfa allir að draga fram dagbækurnar því hér á eftir fara þónokkur doodle form sem þið þurfið að svara. Þetta eru fjórar kannanir, passið að svara öllum og passið að ýta á save.

Síðan eru stöðurnar þar fyrir neðan, skoðið þær vel og veltið fyrir ykkur hvað það er sem ykkur langar að gera á starfsárinu. Mín reynsla hefur verið sú að það er ótrúlega gaman að taka að sér verkefni, þannig kemst maður frekar inn í starfið og það er dásamlegt að finnast maður hafa



áhrif. Auðvitað verð ég ykkur til halds og trausts, nótt sem dag, dag sem dimma nátt.

En _____ fyrst _____ nokkur _____ almenn _____ atriði:

- Þegar ég boða fundi, á e-mail, vil ég fá staðfestingu hjá ykkur um mætingu eða mætingu varamanns. Ef hvorugur kemst þá verður að boða forföll.

- Ég sendi út fundargögn alla jafna þremur dögum fyrir fund og vonast ég til þess að allir geti kynnt sér þau sem best.

- Ef nota á fjarfundabúnað þarf að tilkynna það í síðasta lagi 16.00 deginum fyrir fund. Þátttakendur í gegnum fjarfundabúnað þurfa að mæta hálf tíma fyrir boðaðan fundartíma svo hægt sé að finna út úr búnaðinum.

Ákvörðun tímasetninga:

1) _____ 3. _____ framkvæmdastjórnarfundur _____ – _____ maífundur _____ tímasetning:

Vinsamlegast verið búin að merkja hvenær þið komist fyrir miðnætti fimmtudagsins 21. maí. Annars geri ég ráð fyrir að þið komist á öllum tímum. Ég bætti inn valmöguleikanum (Yes) en hann merkir að þetta er ekki optimal tími en þið gætuð komið ef þetta er eini tíminn sem hentar öllum.

Ekki _____ gleyma _____ að _____ klicka _____ á _____ „save”.

Næsti fundur:

<http://doodle.com/ud9k4ybc8cx5s465>

2) _____ Sumarvinnuferð _____ framkvæmdastjórnar _____ LÍS

Ég lagði til tvær helgar í júní því að ég tel að það væri best fyrir okkur að hefjast handa sem fyrst og leggja grunn að skemmtilegu og afkastamiklu ári. En ef enginn kemst þessar helgar þá



reynum við við seinna í sumar. Í þessa ferð greiðir LÍS fyrir 2 fulltrúa frá hverju félagi. Ef þið viljið senda fleiri er það velkomið, þá greiðir annaðhvort aðildarfélag eða manneskjan sjálf eftir samkomulagi ykkar á milli.

<http://doodle.com/queyn39gsqhz4zb4>

3) Vinnuþing framkvæmdastjórnar LÍS að hausti

Þetta reyndist í fyrra mjög mikilvægur vettvangur fyrir okkur til að ná saman og við náðum að gera meira en við gerðum okkur grein fyrir. Með því að ákveða þetta með svo góðum fyrirvara hljótum við að geta tryggt að sem flestir komist.

<http://doodle.com/xirscw5wgfmewyd5>

4) Almenn fundadagskrá:

Við ákváðum á 2. framkvæmdastjórnarfundum að ég myndi leggja til fundi fyrir allt árið og í þessu doodle skjali spyr ég því hvaða daga og hvaða tíma dags hentar ykkur best að koma. Ekki þæla neitt í dagsetningunni, þetta á við almennt. Ég geri svo ráð fyrir að spyrja í lok hvers fundar hvernig tímasetning næsta fundar hentar fólki og ef meirihlutinn kemst ekki þá neyðumst við til að hliðra til. Ég reyni að vera vakandi fyrir hátíðisdögum og prófatímabilum þegar ég negli niður fundadagskránni.

<http://doodle.com/8nu238w4tpus5ve9>

Skipting hlutverka:



Skipum í stöður á næsta framkvæmdastjórnarfundum. Maífundum. Það má bjóða sig fram til að taka við stöðum alveg fram að fundum og á fundinum, sendið á mig nannaelisaj@gmail.com ef þið viljið bjóða ykkur fram.

Eftirfarandi stöður eru þær sem við ákváðum á síðasta fundum. Endilega skoðið stöðurnar og veljið fyrir ykkur hvaða stöðu þið viljið taka að ykkur næsta árið. Það verða allir að leggja sitt af mörkum þannig að þetta þýðir ekki að þeir sem taka að sér stöðu hafi meiri ábyrgð heldur er þetta nauðsynleg verkaskipting. Þeir sem taka ekki við neðangreindum hlutverkum verða meðstjórnendur.

Stöður innan framkvæmdastjórnar:

- Varaformaður

- stýrir fundum

- Ritari

- Gjaldkeri

- Viðburðastjóri

- Markaðsstjóri

- Sér um samninga við fyrirtæki og banka.

- Kynningarfulltrúi

- Sér um samfélagsmiðla og fréttatilkynningar

Allir sem hafa áhuga geta síðan boðið sig fram í eftirfarandi:

Nefndir

- Alþjóðaforseti



- Alþjóðanefnd

- Gæðastjóri

-

Gæðanefnd

Starfshópar:

-

Formaður

lagabreytingarnefndar

-

Lagabreytingarnefnd

- Fjármálahópur

- Ívar.

- Nanna.

- Aldís Mjöll.

- Jakob Wayne.

- Gauti.

- Markaðshópur

- Helga Lind

- Baldur

- Nanna Elísa

Allar upplýsingar á Google drive:

Hér er sameiginlega Google-driveið okkar. Endilega kynnið ykkur það sem fyrst og lærið að nota það ef þið hafið ekki gert það áður. Þar verður hægt að kynna sér allt sem við erum að fást við og þetta fyrirkomulag tryggir að við töpum engum upplýsingum. Þar er líka hægt að skoða



allt sem fór fram í fyrra í möppunni LÍŠ 2014-2015

<https://drive.google.com/drive/folders/0B4LZlBxYQnm4fjN6TWlrTzlOMi1YV2JEX2hucTZzVnV3WDdQRfJybWZTbURtdlY3c3ZrUIE>



Fundarboð

Dagsetning: 26. maí 2015

Tímasetning: 19.00 -21.00

Staðsetning: Háskóli Íslands 3H, fundarherbergi

Dagskrá:

- I. Kynning á meðlimum og örlítið um hvað er að gerast í hverju aðildarfélagi.
- II. Skipting hlutverka



- III. Armeníu alþjóðanefndar.
- IV. Gæðamál.
 - a. Fundur 9. júní 17.00 – 18.30
 - b. Ráðstefna 10. júní.
- V. Vigdís Finnbogadóttir fagnaður.
- VI. Fjármál
 - a. Aðildargjöld
 - b. Fundur með ráðherra
- VII. Tímasetningar
 - a. Sumarferð
 - b. Haustferð
 - c. Fundir út árið
- VIII. Önnur mál



Fundargerð

Dagsetning: 26. maí

Tímasetning: 18.00



Staðsetning: Fundarherbergi 3H, Háskóli Íslands

Á fundinn vantaði Ionu Sjöfn Huntingdon-Williams, Rebekku Líf Albertsdóttur, Guðbjörn Ólsen Jónsson, Valdemar Karl, Jakob Wayne, Sunnu Mjöll Sverrisdóttur, Maríu Gyðu, Baldur Ólafsson, Sigrúnu Dögg Kvaran og Árna Þórólf Árnason.

Af þeim höfðu Iona, Rebekka, Valdemar, Guðbjörn og María Gyða tilkynnt forföll.

Dagskrá:

I. **Kynning á meðlimum, örlítið um hvað er að gerast í hverju aðildarfélagi.**

Þeir sem voru mættir kynntu sig. Rætt var lauslega um hugmynd að sameiningu Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólans á Bifröst og Háskólans á Hólum.

II. **Skipting hlutverka.**

Tinna Dögg Gunnlaugsdóttir bauð sig fram sem markaðsstjóra og formanns lagabreytingarnefndar.

Helga Lind Mar bauð sig fram sem formann alþjóðanefndar.

Jóhann Már Berry bauð sig fram sem ritara og gæðastjóra.

Beðið var með að velja í hlutverk gjaldkera þar sem núverandi gjaldkeri var fjarverandi. Einnig var beðið með að velja í hlutverk varaformanns, kynningarstjóra og viðburðarstjóra.

Núverandi skipting hlutverka í framkvæmdarstjórn LÍS er því svo;

Formaður: Nanna Elísa Jakobsdóttir

Varaformaður:

Ritari: Jóhann Már Berry

Gjaldkeri:

Kynningarstjóri:

Viðburðarstjóri:

Alþjóðanefnd:

Helga Lind Mar - formaður,

Hákon Broder Lund.

Gæðanefnd

Jóhann Már Berry.

Lagabreytingarnefnd.

Tinna Dögg Gunnlaugsdóttir.

Fjármálahópur.

Ívar Örn Þráinsson.

Nanna Elísa Jakobsdóttir.

Aldís Mjöll Geirsdóttir.

Jakob Wayne.

Gauti Skúlason.

Markaðshópur.

Tinna Dögg Geirsdóttir - formaður.

Helga Lind Mar.

Baldur Ólafsson.

Nanna Elísa Jakobsdóttir.

III. Armeníuferð alþjóðanefndar.

Helga Lind Mar, formaður alþjóðanefndar sagði frá tveimur ráðstefnum sem hún sótti til Armeníu, BM68 og EHEA Ministerial Conference 2015. Öll gögn frá ráðstefnunum er að finna í möppu Alþjóðanefndar á sameiginlega Google drifi LÍS.

IV. Gæðamál

Fundur verður 9. júní á milli 17:00 - 18:30 með Andrée Surssock, sérfræðingi í gæðamálum í háskólanámi. Jóhann, Nanna, Gauti, Ívar, Helga Lind og Aldís Mjöll ætla að mæta.

Ráðstefna verður á Hótel Keflavík 11. júní á vegum [NOQA](#). Nanna og Helga Lind ætla að mæta þangað.

V. Vigdís Finnbogadóttir fagnaður

Sunnudaginn 28. júní verður því fagnað að 35 ár eru liðin frá því að Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti. LÍS er boðið að taka þátt, ekki liggur þó fyrir hvert hlutverk LÍS verður í fögnuðinum. Nanna ætlar að kanna betur hvers er ætlast til af LÍS, Nanna ætlar að senda tölvupóst á alla meðlimi um leið og hún hefur fengið nánari upplýsingar um daginn.

VI. Fjármál

Framundan er fundur með ráðherra sem mikilvægt að koma á sem fyrst. Þegar búið er að festa niður dagsetningu verður boðað til fundar hjá framkvæmdastjórn LÍS, þar sem undirbúa þarf fundinn vel. Langtímamarkmið okkar er að komast á fjárlög, en fyrst þurfum við að fá styrk frá ráðherra, þar sem ferlið við að komast á fjárlög mun án efa



taka einhvern tíma. Helga Lind ætlar að kanna hve háa styrki systursamtök LÍS á Norðurlöndunum fá.

VII. Tímasetningar

Fundir framkvæmdastjórnar verða á mánudögum, þriðju viku hvers mánaðar í vetur, frá klukkan 19:30 - 21:30.

Farið verður í sumarferð 26. - 28. júní.

Vinnuþing framkvæmdarstjórnar verður haldið 18. - 20. september.

VIII. Önnur mál.

Landsþing LÍS 2016.

Eitthvert aðildarfélaganna verður að bjóða sig fram til að halda þingið. SHÍ, NHB og FSHA hafa áður haldið utan um landsþing LÍS og því væri æskilegt ef eitthvert hinna nemendafélaganna myndi sjá um það fyrir næsta þing.

Næsti fundur er 15. júní, klukkan 19:30, staðsetning auglýst síðar.

Fundi slitið klukkan 19:25.

Nafn ritara: Jóhann Már Berry

Gögn varðandi júnífund



Fundarboð

Dagsetning: 15. júní

Tímasetning: 19.30 – 21.30

Staðsetning: Borgartún 30

Dagskrá:

- I. Gæðamál
 - a. Fundur með Andrée Surssock
 - b. Ráðstefna 11. júní á Hótel Keflavík um gæðamál
- II. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur
 - a. Viðburður 28. júní
 - i. Iona Sjöfn, kynningarfulltrúi LÍS, fulltrúi LÍS í framkvæmdanefnd.
- III. Strúktúr samtakanna.
 - a. Lagabreytingar
 - b. Verklagsreglur
- IV. Sumarferð LÍS dagana 26. – 28. júní
 - a. Verkefnaskipting fyrir undirbúning
 - b. Starfshópar
 - c. Stefnumótun



V. Önnur mál.

Save the date:

Næsti fundur framkvæmdastjórnar er áætlaður mánudaginn 13. júlí kl. 19.30.



Fundargerð

Dagsetning: 15. júní 2015

Tímasetning: 19:30

Staðsetning: Rannís Hof101, Borgartúni

Mættir: Nanna Elísa Jakobsdóttir, Jóhann Már Berry, Aldís Mjöll Geirsdóttir, Gauti Skúlason, Helga Lind Mar, Tinna Dögg Guðlaugsdóttir, Árni Þórólfur Árnason.

Boðuðu forfall: Á fundinn vantaði Ívar Örn Þráinsson, Þórunni Unni Birgisdóttur, Tinnu Dögg Guðlaugsdóttur, Sigrúnu Dögg Kvaran, Ionu Sjöfn, Guðbjörn Olsen, Valdemar Karl, Helga Sigurðsson og Maríu Gyðu.

Fjarverandi: Rebekka Líf Alberts.

Dagskrá:

I. Kynning á fundi með Andrée Sursock.

- a. Nanna fór yfir fundinn með Andrée Sursock þann 9. júní síðastliðinn. Rætt var um skýrsluna um gæðamál háskólanna og upplifun nemenda í kringum skýrslugerðina og kynningu hennar. Rætt var um fjármál LÍS og vill Andrée aðstoða LÍS með fjármögnun eftir sinni bestu getu, með því t.d. að leggja inn gott orð. Einnig var talað um að Andrée myndi koma að þjálfun íslenskra aðila í gæðamálum.
- b. Nanna og Helga Lind sóttu ráðstefnu í Reykjanesbæ 11. júní síðastliðinn um gæðamál. Þar komust þær í kynni við Frank Quinault frá Skotlandi, þá kom óformlegt boð til Skotlands. Einnig var rætt við Rannís og það að Rannís komi til aðstoðar við þjálfun á fólki í gæðamálum.

Stelpurnar sögðu sérstaklega frá starfi hjá þeim í Noregi sem miðar að því að taka út gæði hjá þeim stofnunum sem sjá að hluta til um kennslu í norskum háskólum, ekkert slíkt mat fer fram hér á landi og má þar verulega bæta.

Næsta haust verður farið í sérstakt gæðamat á rannsóknarstarfsemi háskólanna.

Skýrslurnar um gæðamál háskólanna ættu að vera opinberar, gott væri ef að fulltrúar hvers nemendafélags myndu ganga úr skugga um að svo væri og pressa á að þær verði gerðar opinberar ef svo er ekki. Annars ætlar LÍS að bregðast við.

II. Vigdísardagurinn.

Hátíðin Þjóðin sem valdi Vigdísar verður haldin 28. júní í tilefni þess að 35 ár eru liðin frá því að frú Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti. LÍS mun koma að undirbúningi á einhvern hátt, en ekki er krafist mikið af LÍS. Því er um að gera að mæta á hátíðina og vera sýnileg. Svo er spurning hvort að LÍS vilji vera með eitthvert erindi á hátíðinni. Allar góðar hugmyndir vel þegnar.

III. Strúktur samtakanna.



- **Lagabreytingar.** Árni og Nanna ætla að hitta Tinnu Dögg til að koma henni inn í málin í kringum lagabreytingarnar. Nanna vill bæta skiptingu stjórnarinnar, ekki að hún gerist jafn skjótt, heldur aðeins eftir landsþingið og fari þar af leiðandi fram með formlegri hætti.
- **Verklagsreglur.** Til stendur að búa til verklagsreglur. T.d. verkreglur um hvenær varamaður má taka sér stöðu í nefnd o.s.frv. Setja þarf verkreglur tengdar hverri stöðu (hvers er krafist af þeim sem sinnir hverri stöðu). Gerð handbókar þar sem allar helstu verklagsreglur eru kynntar og ættu því ekki að fara framhjá neinum. Ákveðið var að einn fulltrúi frá hverju nemendafélagi myndi skipa þessa nefnd, sá fulltrúi sem hefur setið lengur í framkvæmdarstjórn LÍS.

IV. Sumarferð

Sumarferð slegin af en í staðin komið á fót vinnuhelgi. Við munum hafa tvo vinnudaga helgina 26. til 28. júní. Unnið verður á laugardegi og sunnudegi frá 9:30 – 18. Laugardagskvöldinu verður svo varið í að gera eitthvað skemmtilegt saman. Allir hvattir til að mæta, þó ekki sé nema brot af degi.

Á dagskrá verða stefnumótun, lagabreytingar, styrkjamál, Skotlandsferð, gæðamál og framkvæmdaráætlun.

V. Önnur mál.

Aldís Mjöll mun formlega taka við stöðu gjaldkera á næstu dögum, Nanna og Aldís munu því gera sér ferð í bankann fljótlega.

LÍS vill skerpa á vinnu við styrkjamálin. Nauðsynlegt er að koma á fót starfi frakvæmdarstjóra. Einnig þarf að ræða hvort að formaður eigi ekki að greidda þóknun fyrir starf sitt í þágu samtakanna.

Næstu fundur 13. júlí 19:30, í húsnæði Rannís í Borgartúni 30.

Fundi slitið klukkan 20:56

Nafn ritara: Jóhann Már Berry.



Gögn varðandi júlífund



Fundarboð

Dagsetning: 13. júlí

Tímasetning: 19.30 -21.30

Staðsetning: RAFRÆNN

Dagskrá:

Kæra framkvæmdastjórn,

Hér með boða ég til júlífundar framkvæmdastjórnar LÍS 2015 mánudaginn 13. júlí milli 19.30 og 21.30. Fundurinn verður rafrænn að þessu sinni en það merkir að atkvæðagreiðsla um þau atriði sem framkvæmdastjórn verður að kjósa um fer fram á þessum tíma. Atkvæðagreiðsla fer fram einfaldlega með því að svara spurningum í tölvupósti sem sendur er til allra framkvæmdastjórnarmeðlima klukkan 19.30 og hún stendur til 21.30 líkt og fyrir segir. Ég bið ykkur því að vera vakandi yfir tölvupóstinum ykkar á mánudagskvöld.



Hvert aðildarfélag hefur tvö atkvæði og formaður þar að auki. Ég bið aðalfulltrúa að láta vita ef þeir geta af einhvejurum ástæðum ekki svarað póstinum og varaformfulltrúa að hafa samband við sína fulltrúa til að enginn misskilingur verði. Dagskrá fer hér á eftir:

Dagskrá fyrir rafrænan fund framkvæmdastjórnar LÍS 13. júlí

I. Kosning um starfsáætlun LÍS sem unnin var á vinnuþingi framkvæmdastjórnar í júní.

a. Drög að starfsáætlun má nálgast hér:

https://docs.google.com/document/d/1xwz6pVcOU89DK31iLmsn8bc_i43_aiZSewm6l_B466c/edit

II. Kosning um stefnu kynningarfulltrúa sem mótuð var á vinnuþingi framkvæmdastjórnar í júní.

a. https://docs.google.com/document/d/1xAdaeei4f8fJVu-2XDxhwfHjZnqQXhLDrl8pOtQ3ONI/edit?usp=drive_web

III. Formlegt samþykki framkvæmdastjórnar hvað varðar stöður innan stjórnarinnar:

Þetta er einungis formsatriði fyrir ríkisskattstjóra þar sem stöður voru ákveðnar óformlega til að byrja með.

Formaður

Nanna Elísa Jakobsdóttir

Varaformaður

Valdemar Karl Kristinsson

Gjaldkeri

Aldís Mjöll Geirsdóttir

Ritari og gæðastjóri

Jóhann Már Berry

Markaðsstjóri

Tinna Dögg Guðlaugsdóttir

Kynningarfulltrúi

Iona Sjöfn Huntingdon-Williams

Alþjóðaforseti

Helga Lind Mar

Viðburðarstjóri

Þórunn Unnur Birgisdóttir

Meðstjórnendur

Árni Þórólfur Árnason

Baldur Ólafsson

Guðbjörn Ólsen Jónsson

Håkon Broder Lund

Helgi Sigurðsson

Ívar Örn Þráinsson

Jakob Wayne Víkingur Robertson

María Gyða Pétursdóttir

Rebekka Líf Albertsdóttir



Sigrún Dögg Kvaran

IV. **Kosning um aðalmann og varamann LÍS í ráðgjafanefnd Gæðaráðs íslenskra háskóla**

Ísak Rúnarsson sagði af sér sem fulltrúi LÍS í ráðgjafanefnd Gæðaráðs íslenskra háskóla í síðasta mánuði. Líkt og rætt var á vinnuþinginu þá hefur Eyrún Fríða Árnadóttir, varamaður hans, sinnt hans starfi undanfarna mánuði og hefur því öðlast reynslu af starfinu og sinnt því vel. Ráðgjafanefndin óskar eftir formlegri tilkynningu frá LÍS og ég legg því til að Eyrún Fríða taki við af Ísaki en gæðastjóri okkar Jóhann Már Berry taki við sem varamaður hennar.



Fundargerð

Dagsetning: 13. júlí

Tímasetning: 19.30 – 21.30

Staðsetning: RAFRÆNN FUNDUR

Mættir: Árni Þórólfur Árnason, Gauti Skúlason (varamaður fyrir Bifröst), Jakob Robertson, Sigrún Kvaran, Rebekka Líf Albertsdóttir, Helgi Sigurðsson, Elís Orri Guðbjartsson (varamaður fyrir SHÍ), Jóhann Már Berry, Tinna Dögg Guðlaugsdóttir, Aldís Mjöll Geirsdóttir og Nanna Elísa Jakobsdóttir.

Boðuðu forfall: --



Fjarverandi: --

Á fundinum voru tekin fyrir eftirfarandi mál til samþykktar eða synjunar.

Dagskrá:

- I. **Samþykkir þú drög að starfsáætlun LÍS sem samin voru á vinnuhelgi framkvæmdastjórnar í júní?**

Drög að starfsáætlun má nálgast hér:

<https://docs.google.com/document/d/1xwz6pVcOU89DK31iLmsn8bc i43 aiZSewm6l B 466c/edit>

- II. **Samþykkir þú stefnu kynningarfulltrúa sem mótuð var á vinnuþingi framkvæmdastjórnar í júní?**

Drög að starfsáætlun má nálgast hér:

https://docs.google.com/document/d/1xAdaeei4f8fjVu-2XDxhwfHjZnqQXhLDrl8pOtQ30NI/edit?usp=drive_web

- III. **Samþykkir þú eftirfarandi skipan framkvæmdarstjórnar LÍS fyrir starfsárið 2015-2016?**

Formaður

Nanna Elísa Jakobsdóttir

Varaformaður

Valdemar Karl Kristinsson

Gjaldkeri

Aldís Mjöll Geirsdóttir

Ritari og gæðastjóri

Jóhann Már Berry

Markaðsstjóri



Tinna Dögg Guðlaugsdóttir

Kynningarfulltrúi

Iona Sjöfn Huntingdon-Williams

Alþjóðaforseti

Helga Lind Mar

Viðburðarstjóri

Þórunn Unnur Birgisdóttir

Meðstjórnendur

Árni Þórólfur Árnason

Baldur Ólafsson

Guðbjörn Ólsen Jónsson

Hákon Broder Lund

Helgi Sigurðsson

Ívar Örn Þráinsson

Jakob Wayne Víkingur Robertson

María Gyða Pétursdóttir

Rebekka Líf Albertsdóttir

Sigrún

Dögg

Kvaran



- IV. Samþykkir þú að Eyrún Fríða Árnadóttir taki við sem fulltrúi LÍS í ráðgjafanefnd Gæðaráðs háskólanna?
- V. Samþykkir þú að Jóhann Már Berry taki við sem varafulltrúi LÍS í ráðgjafanefnd Gæðaráðs háskólanna?

Spurningarnar voru sendar í einu skjali á alla framkvæmdarstjórnarmeðlimi frá netfanginu nannaelisaj@gmail.com. Framkvæmdarstjórnarmeðlimir voru beðnir að svara spurningunum með já, nei eða sit hjá með því að senda svör á netfangið nannaelisaj@gmail.com.

Öll mál á dagskrá samþykkt einróma.

Eftir fundinn barst bréf frá Ionu-Sjöfn Huntingdon-Williams. Hún gat ekki svarað spurningunum á boðuðum fundartíma en kom því til leiðar að fyrir sitt leyti samþykkti hún öll þau mál sem lágu fyrir fundinum.

Fundi slitið 13. júlí kl. 21.30.

Nanna Elísa Jakobsdóttir tók við svörum. Jóhann Már Berry fór yfir svör og ritaði fundargerð.

Nafn ritara: Jóhann Már Berry

Gögn varðandi ágústfund



Fundarboð

Dagsetning: 27. ágúst 2015

Tímasetning: 19.30 - 21.30

Staðsetning: Rannís, Borgartúni 30



Dagskrá:

- I. Umræður um haustið. Haustþing og fundir.
- II. Gæðamál. Jóhann Már Berry segir frá stöðu í gæðamálum og komandi ráðstefnu í London.
- III. Heimsókn stjórnar til aðildarfélaga.
- IV. Umræður um LÍN og stöðu LÍS þegar kemur að málum lánasjóðsins.
- V. Alþjóðamál.
- VI. Önnur mál.



Fundargerð

Dagsetning: 27. ágúst

Tímasetning: 19.30

Staðsetning: Borgartún 30, húsakynni Rannís

Mættir: Á fundinn mættu Nanna Elísa Jakobsdóttir, Jóhann Már Berry, Tinna Dögg Guðlaugsdóttir, María Gyða Pétursdóttir, Jakob Wayne, Rebekka Líf Albertsdóttir,



Aldís Mjöll Geirsdóttir og Helga Lind. Gauti Skúlason, Þórunn Unnur Birgisdóttir og Ívar Örn Þráinsson sátu fundinn í gegnum fjarfundabúnað.

Boðuðu forfall: --

Fjarverandi: --

Dagskrá:

I. **[Umræður um haustið. Haustþing og fundir.**

Haustið er komið og þá þarf að setja svólítinn kraft í starf LÍS. Framundan eru lagabreytingar sem Tinna ætlar að skoða, Nanna mun senda á hana þau atriði sem þarf að skoða fyrir næsta fund, þann 7. september.

Haustþing verður 18. – 20. september á Hvanneyri. Gisting kostar 2000 krónur fyrir nóttina miðað við svefnokapláss, 2600 krónur sé miðað við uppábúin rúm. Jóhann, Nanna og Gauti munu svo skipuleggja þingið betur og áætla matarkostnað, kokkurinn á Hvanneyri hefur óskað eftir því að við komum með ákveðna kostnaðartölu sem hann mun svo vinna út frá.

Rætt var um að bjóða Eyrúnu Fríðu Árnadóttur á þingið, en Eyrún situr fyrir hönd LÍS í gæðaráði háskólanna, til að geta unnið betur að gæðamálum. Einnig verður farið vel í fjármögnun samtakanna á haustþinginu.

Prófkúruskipti eru framundan, en beðið er eftir að RSK klári málin hjá sér, þá mun Aldís taka við sem gjaldkeri.

Nanna ætlar að senda doodle könnun á framkvæmdarstjórnina til að athuga hvort að aðrir tímar henti betur til funda.

II. **Gæðamál. Jóhann Már Berry segir frá stöðu í gæðamálum og komandi ráðstefnu í London.**

Jóhann og Nanna hafa hitt Eyrúnu sem situr fyrir hönd LÍS í gæðaráði háskólanna til að koma sér betur inn í gæðamálin nú í sumar og munu halda áfram í vetur.

Í grunninn erum við að lesa skýrslur gæðaráðs háskólanna og kynna okkur efni þeirra til að geta verið betur inni í málunum þegar kemur að ráðstefnunni 19. – 21. nóvember. Áætlað er að Jóhann fari á ráðstefnu í London 19. – 21. nóvember og einhver annar. Sunna Mjöll og María Gyða hafa sýnt áhuga, Jóhann ætlar að ræða við þær á næstunni og kynna þetta betur fyrir þeim.

Ritari vill svo ítreka að gott væri ef að allir í framkvæmdarstjórninni kynni sér skýrslu sinna skóla, en þær eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu skólanna.

10. nóvember næstkomandi er ráðstefna á vegum gæðaráðs háskólanna. Leitað var til Nönnu til að vera með erindi um reynslu nemenda að gerð skýrslunnar. Nanna og Jóhann munu því halda erindi 10. nóvember, allir í framkvæmdarstjórninni þurfa að komast að því hvaða nemendur það voru sem að komu að gerð skýrslunnar í sínum skóla fyrir næsta fund þann 7. september svo að Nanna og Jóhann geti unnið erindið út frá reynslu þeirra, senda skal þær upplýsingar á netfangið nannelisaj@gmail.com.

III. **Heimsókn stjórnar til aðildarfélaga.**

Við þurfum að byrja á því að kynna okkur fyrir stjórnnum aðildarfélaganna, áður en við förum að kynna okkur fyrir öllum skólunum. Ákveðið var að Nanna og Gauti myndu fara í heimsóknir til allra skólanna og kynna LÍS með aðstoð þeirra stjórnarmeðlima LÍS sem eru í hverjum skóla. Áætlað er að vera búin að heimsækja alla skólana fyrir 1. desember.

IV. **Umræður um LÍN og stöðu LÍS þegar kemur að málum lánasjóðsins.**

Eftir að málefni SÍNE og LÍN komu upp núna í sumar lærðum við að við þurfum að vinna eftir verklagsreglum þegar það kemur að málefnum LÍN og námsmanna. Nanna ætlar að útbúa drög að verklagsreglum þegar það kemur að samskiptum við aðildarfélögin og kynna fyrir framkvæmdarstjórninni á næsta fundi þann 7. september.

V. **Alþjóðamál**

Helga Lind fer fljótlega á fund ESU til að ræða þau nýju verkefni sem ESU er að taka á sig. Í alþjóðlanefndinni sitja núna Helga Lind og Hákon, óskað er eftir fleirum til að aðstoða þau við verkefni, allr sem vilja eru hvattir til að taka þátt.

Vilji er fyrir því að framkvæmdarstjórnin fari í heimsókn til annarra landssamtaka. Gott væri að heimsækja samtök sem geta lært eitthvað nýtt með okkur, t.d. um hvernig samskipti við aðildarfélög er háttáð og hvernig við getum bætt þau, þannig gætu bæði við sem samtök og samtökin sem við heimsækjum fengið eitthvað út úr heimsókninni.

Við þurfum að búa til verkefni svo við gætum sótt um styrk til Evrópu unga fólksins fyrir 1. október, en þá rennur næsti umsóknarfrestur út. Hugmyndir að góðum verkefnum mega endilega koma fram á næsta fundi.

Framundan mun LÍS taka þátt í verkefni um jafnrétti til náms með landssamtökunum í Svíþjóð (SFS) og Finnlandi (SAMOK og SYSL). Nánari upplýsingar um verkefni liggja ekki fyrir, en Helga mun kynna þær upplýsingar fyrir okkur um leið og þær liggja fyrir. Þetta er verkefni sem að gott væri að einhverjir væru til að taka að sér, aftur eru allir þeir sem hafa áhuga hvattir til að taka þátt.



VI. **Önnur mál**

Ársreikningur LÍS er í vinnslu og verður tilbúin fyrir næsta fund 7. september.

Næsti fundur er mánudaginn 7. september klukkan 19:30 í húsakynnum Rannís við Borgartún 30.

Fundi slitið 21:21.

Nafn ritara: Jóhann Már Berry

Gögn varðandi septemberfund



Fundarboð

Dagsetning: 7. september

Tímasetning: 19.30 – 21.30

Staðsetning: Rannís, Borgartúni

Dagskrá:

Fyrir fundinum liggja tvö mál og tvö verkefni.

I. Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Menntamálaráðuneytið er að ráðast í heildarstefnumótun á háskólakerfinu til fimm ára fyrir málefnasviðið „háskólar og vísindastarfsemi.“ Fyrsti áfanginn er skýrsla sem geymir samantekt um allt kerfið í heild sinni.

Samantektin fylgir með í gögnunum og mig langar til þess að biðja ykkur að vera búin að lesa hana, eins mikið og þið getið, fyrir næsta fund í október. Þetta er ákaflega góð samantekt og mikilvægt fyrir okkur að vera inni í málunum ef við ætlum að geta sinnt þeim af einhverri alvöru.

„Markmið skjalsins er að að safna saman á einn stað helstu fyrirbyggjandi upplýsingum um háskólakerfið og ábendingum um hvað betur megi fara. Skjalið er því eins konar yfirlit og grunnur að frekari vinnu. Skjalinu er ætlað að skapa grundvöll fyrir ráðuneyti og hagsmunaaðila til að eiga opið og upplýst samtal um einkenni kerfisins.“

II. Haustþing 18. – 20. September

- Dagskrá.

Fyrir liggur að við hyggjumst setja áherslu á fjármál á þessu þingi. Þá verður kynning og umræða um gæðamál að auki.

Á fundinum ákveðum við dagskránnu, hvernig hún verður uppbyggð svo við fáum sem mest út úr helginni.

III. Lagabreytingar



Tinna Dögg Guðlaugsdóttir er formaður lagabreytingarnefndar og við ætlum aðeins að leggjast yfir lögin. Allir sem vilja eru velkomnir að vera með í umræðum, ég hvet ykkur til að taka þátt. Þetta er góð leið til þess að kynnast samtökunum enn betur og skilja af hverju hlutirnir eru eins og þeir eru.

IV. Önnur mál.

Fulltrúar eru beðnir að senda upplýsingar um þann nemanda sem kunnur er gæðaúttektum á netfangið nannaelisaj@gmail.com fyrir fundinn.



Fundargerð

Dagsetning: 7. september 2015

Tímasetning: 19.30

Staðsetning: Rannís, Borgartún 30



Mættir: Nanna Elísa Jakobsdóttir, Jóhann Már Berry, Aldís Mjöll Geirsdóttir, Tinna Dögg Guðlaugsdóttir, Sigrún Dögg Kvaran, María Gyða Pétursdóttir.

Boðuðu forfall: --

Fjarverandi: --

Dagskrá:

Fyrir fundinum liggja tvö mál og tvö verkefni.

I. Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Nanna mun senda okkur samantekt sem við þurfum að kynna okkur fyrir næsta fund 12. október.

II. **Haustþing 18. – 20. september**

Fyrir liggur að við hyggjumst setja áherslu á fjármál á þessu þingi. Þá verður kynning og umræða um gæðamál að auki. Á fundinum ákváðum við dagskránnu, hvernig hún verður uppbyggð svo við fáum sem mest út úr helginni.

Markmið helgarinnar eru eftirfarandi.

Fjármögnun samtakanna, hvernig? Hvaða leiðir eru í boði? Hvernig fer styrkjaumsókn fram? – Brainstorma um það! Skipta í hópa – hvernig er best að fara að þessu? Sameina niðurstöðurnar svo.

- Heildstæður texti
- Tilbúnað umsóknir – senda út, skv. vinnu á föstudeginum (Evrópa unga fólksins)
- Tímalína og list yfir umsóknir sem við getum sótt um.
- Aðrir möguleikir.

Ráðurneytismál – bera okkur saman við önnur lönd/samtök.



- Eftir helgina verðum við viðræðuhæf við ráðuneytið.

Dagskrá

Föstudagur.

18:00 Mæting og matur.
19:30 Markmið helgarinnar.
20:00 Brainstorm um fjármál, styrki og aðrar leiðir til fjármögnunar. Skiptum í hópa - 30 mín í vinnu og 10 mín kynna fyrir hvorn flokkinn (styrki og finna aðrar leiðir).

Laugardagur.

09:00 Morgunmatur
10:00 Kynning á því sem framundan er þennan dag og skipting í hópa.
10:30 Hvernig styrkja umsókn fer fram?
Textavinnustöðvar – hálf tími á hverja stöð.
-> almennt um LÍS. – Markmið LÍS. - Hvert fer fjármagnið.
-> Sértekt – hvert fer fjármagnið – markmið.
12:30 Hádegismatur.
13:30 Samantekt á morgunstarfinu.
14:30 Hópastarf -> sækja um styrki. -> Tímalína
18:00 Sturta.
19:00 Matur + drykkur.

Sunnudagur.

10:00 Morgunmatur
11:00 Gæðaumræða; hvað hefur gerst? Hvar erum við núna? Næstu skref?
12:30 Matur
13:30 Ráðuneytisvinna.
-> Vinna að skýrslu um markmið LÍS, mikilvægi, sérstöðu og hvað



við	höfum	gert	hingað	til.
	-> Fjármagnsáætlun – ársskýrsla. Hvers vegna þurfum við fjármagn?			
Hvers vegna starfa		samskonar	samtök í öðrum	löngum?
Framtíðarmarkmið		og		stefnumótun.
17:00				Samantekt.
18:00				Þinglok

III. Lagabreytingar

Lið 3 frestað. Verður tekinn fyrir síðar.

IV. Önnur mál

Samfélagsmiðlar. Aldís bar upp samfélagsmiðla, LÍS er ekki nægilega sýnilegt á Facebook og Twitter. Allir verða verða að hafa augun opin fyrir efni til að setja inn. Á hverjum fundi verður tekinn fyrir nýr liður sem snýr að samfélagsmálum, þar sem við munum ræða um hvað við munum setja inn þann mánuðinn, með því telst okkur að vera sýnilegri með því að setja eitthvað inn á síðurnar að minnsta kosti mánaðarlega.

Gögn varðandi októberfund





Fundarboð

Dagsetning: 27. október

Tímasetning: 19.30 – 22.00

Staðsetning: Rannís 3H, Borgartúni

Dagskrá:

- I. Fundur settur.
- II. LÍS og RANNÍS.

Sigurður Óli Sigurðsson og María Kristín Gylfadóttir koma á fundinn og verða með kynningar sem varða þátttöku stúdenta í gæðamálum og í verkefnum á vegum RANNÍS. Þar ber hæst að nefna könnun um erfiðleika í skiptinámi sem LÍS mun leggja fyrir stúdenta.

- III. Alþjóðavæðing menntunar.

Drög að stefnu LÍS um alþjóðavæðingu menntunar sem Anna Marsibil Clausen hefur unnið samkvæmt niðurstöðum landsþings. LÍS á lokaorðið í þessu máli. Anna Marsibil kemur á fundinn og kynnir drögin.

- IV. Sparqs
- V. Fjármál
 - a) Staða fjármála LÍS haust 2015.
 - b) Staða styrkja eftir haustþing.

- VI. ISIC kortið. Kilroy.

Framundan er fundur með Kilroy, miðvikudag kl. 10.30, en LÍS hefur verið beðið um að samþykkja ISIC kortið sem fullgilt námsmannakort. „ISIC (The International Student Identity Card) gerir þér kleift, hvar sem er í heiminum, að staðfesta stöðu þína sem námsmaður og hefur kortið fengið viðurkenningu frá



stofnunum eins og UNESCO og the European Council on Culture.“ Það veitir líka yfir
40 þús afslætti bæði heima og erlendis.

VII. Haustþingið samantekt.

VIII. Svíþjóðar og Finnlands verkefni um jafnrétti til náms.

Helga Lind segir stuttlega frá stöðu mála. Auglýst er eftir þátttakendum úr framkvæmdastjórn í verkefnið.

IX. Umsókn ESU.

LÍS er ekki fullgilt aðildarfélag að ESU þrátt fyrir að við höfum tekið við öllum verkefnum og berum ábyrgð á alþjóðastarfi heldur er SHÍ enn skráð sem aðildarfélag. LÍS verður að sækja formlega um og skila umsókninni á miðvikudaginn 28. október nk.

Kynning á stöðu mála.

X. Önnur mál.





Fundargerð

Dagsetning: 27. október 2015

Tímasetning: 19.30

Staðsetning: Borgartún 30, 3H fundarherbergi Rannís

Mættir:

Viðstödd voru:

Anna Marsibil Clausen – fulltrúi LÍS í Bologna-sérfræðingahópnum

Gauti Skúlason – F.h. Háskólans á Bifröst

Jakob Wayne – F.h. Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri

Guðbjörn – F.h. Háskólans á Akureyri

Davíð Erik Mollberg – F.h. Háskólans í Reykjavík

Sunna Mjöll Sverrisdóttir – F.h. Háskóla Íslands

Hákon Broder Lund – F.h. Háskóli Íslands

Helga Lind Mar – Alþjóðafulltrúi

Iona Sjöfn Huntingdon-Williams – LHÍ

Rebekka Líf – LHÍ

Aldís Mjöll Geirsdóttir – Háskóli Íslands og gjaldkeri

Jóhann – SÍNE

María Gyða – Háskólinn á Hólum

Nanna Elísa Jakobsdóttir – Formaður

María Kristín Gylfadóttir – Rannís, Erasmus+

Sigurður Óli Sigurðsson – Sérfræðingur á rannsókn- og nýsköpunarsviði



Í gegnum Skype:

Jóhann Már Berry – gæðastjóri og Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri

Ívar Örn – Bifröst

Valdemar Karl – Háskólinn á Akureyri

Boðuðu forfall: Helgi Sigurðsson – Hólum.

Fjarverandi:

Dagskrá:

I. Fundur settur.

II. LÍS og RANNÍS.

Sigurður Óli Sigurðsson og María Kristín Gylfadóttir koma á fundinn og verða með kynningar sem varða þátttöku stúdenta í gæðamálum og í verkefnum á vegum RANNÍS. Þar ber hæst að nefna könnun um erfiðleika í skiptinámi sem LÍS mun leggja fyrir stúdenta.

III. Alþjóðavæðing menntunar.

Drög að stefnu LÍS um alþjóðavæðingu menntunar sem Anna Marsibil Clausen hefur unnið samkvæmt niðurstöðum landsþings. LÍS á lokaorðið í þessu máli. Anna Marsibil kemur á fundinn og kynnir drögin.

IV. Sparqs

Félag í Skotlandi sem sér um að þjálfa nemendur í gæðaúttektum. Helga Lind segir frá stöðu mála.

V. Fjármál

- a) Staða fjármála LÍS haust 2015.
- b) Staða styrkja eftir haustþing.

VI. ISIC kortið. Kilroy.



Framundan er fundur með Kilroy, miðvikudag kl. 10.30, en LÍS hefur verið beðið um að samþykkja ISIC kortið sem fullgilt námsmannakort. „ISIC (The International Student Identity Card) gerir þér kleift, hvar sem er í heiminum, að staðfesta stöðu þína sem námsmaður og hefur kortið fengið viðurkenningu frá stofnunum eins og UNESCO og the European Council on Culture.“ Það veitir líka yfir 40 þús afslætti bæði heima og erlendis.

VII. **Haustþingið samantekt.**

VIII. **Svíþjóðar og Finnlands verkefni um jafnrétti til náms.**

Helga Lind segir stuttlega frá stöðu mála. Auglýst er eftir þátttakendum úr framkvæmdastjórn í verkefnið.

IX. **Umsókn ESU.**

LÍS er ekki fullgilt aðildarfélag að ESU þrátt fyrir að við höfum tekið við öllum verkefnum og berum ábyrgð á alþjóðastarfi heldur er SHÍ enn skráð sem aðildarfélag. LÍS verður að sækja formlega um og skila umsókninni á miðvikudaginn 28. október nk. Kynning á stöðu mála.

X. **Önnur mál.**

Fundargerð

2. Sigurður Óli Sigurðsson, sérfræðingur á rannsókn- og nýsköpunarsviði fjallar um gæðaráð.

2.1 Hlutverk stúdenta í eflingu gæða í háskólastarfi á Íslandi.

Sigurður Óli er mjög ánægður með að hafa sameiginlega rödd stúdenta til að hafa áhrif. Gæðaráðið sem SÓ “stjórnar” er vonandi að fara í gang með aðra 5 ára áætlun. Hugmyndin með gæðaráði og slíkum áætlunum er auðvitað að búa til betri háskóla. Þetta getur verið mikil vinna fyrir háskólana en er mjög mikilvægt og ætti að vera hagsmunamál háskólanema (okkar í LÍS). Buzzwordið í gæðamálum á æðra háskólastigi er ‘Student voice’ og ‘learning outcomes’.

Háskólaumhverfi á Íslandi

19973 háskólanemar á Íslandi í dag. Gríðarleg aukning síðast liðna áratugi. Framlag ríkis á hvern stúdent á Íslandi er lægri en hjá öðrum OECD löndum. Framlag ríkis fyrir hvern stúdent er að lækka með hverju ári. Við ætlum að vera jöfn öðrum OECD löndum árið 2020 (

2.2 Gæðaráð

Hvernig vita skólarnir hvort háskólagráðurnar þeirra er í lagi? Það er ekki hægt að hafa eina mælistiku sem mælir gæði háskólanna á Íslandi og þarf að meta þá á sinn hátt,



Þeir eru ólíkir í stærð og fleira. Ytri matsaðilar og nemendur annarra háskóla skipa úttektarnefndir. Allir matsaðilar verða að vera óháðir.

Rödd stúdenta á að heyrast, gæðastarf er eign og á ábyrgð skólanna
Hlutverk nemenda í QEF1

2.3 Stofnanaúttektir

Stofnanaúttektir eru gerðar af gæðaráði.

- Staðlar um veitingu námsgráða

- Námsumhverfi (learning outcomes eru sérstaklega mikilvæg, hvað get ég og kann þegar ég kem út úr námskeiði og námskeið verður að passa við learning outcomes, er eitthvað hlustað á feedback nemenda?, stoðþjónusta og nemendaráðgjöf til staðar)

2.4 Úttektir Fræðasviða

- Engir dómar frá gæðaráði í þessum úttektum
- Vinna sem fer fram innan deilda
 - o Akademískt starfsfólk
 - o Fulltrúar nemenda
 - o Ytri matsaðilar

2.5 QEF2 – 2. Þrep rammaáætlunar

Bæta á fulltrúum stúdenta í gæðaráð og auka þáttöku þeirra í úttektarnefndum (YESSS)
Bæta á stoðþjónustuna og þjálfun hagsmunaaðila. Gæðahandbókin á ekki að vera eina stuðningsefni fulltrúa.

Bæta á kvartana- og áfrýjunarferli.

Hér á gæðaráð að auka fjarlægð sína. – þetta eiga að vera sem mest hlutlausir aðilar.

Hvernig fá stúdentar að taka þátt í 2. Þrepi?

-Einn fulltrúi í gæðaráði

-2 fulltrúar í ráðgjafanefnd

-Gæðaráð ætlar að hafa yfirlýsta stefnu að hafa LÍS með í ferlinu.

2.6 Annað frá Sigurði Óla og spurningar

SÓ segir að það vanti menntað fólk í gæðastjórnun

sigurdur.sigurdsson@rannis.is

Hver var reynsla í 1. þrepi þegar kom að nemendum? (Nemendafulltrúar í úttektarnefndum, frá öðrum skóla en gæðaúttektin snerist um)
Þeim fannst þau vera ótengd og ekki fá nóga þjálfun. Þau vissu ekki hvernig spurninga þau ættu að spyrja og hvernig þau ættu að haga sér?

Áhyggjur eftir 1. þrep:

Gæðaráð hefur lýst yfir áhyggjum af vinnuálagi á starfsfólki Háskóla Íslands.

Social dimension er ekki verið að skoða. Vitum við hvaða fólk er ekki að fara í háskóla? Ísland er hvað aftast á merinni hvað varðar social dimension.

Eru nemendur að fá vinnu tengda sinni háskólagráðu eftir útskrift? Engar tölur/lítið af tölum

Hvernig eru erlendir stúdentar að fúnkera á Íslandi?

2.7 María Kristín Gylfadóttir verkefnisstjóri BORE fjallar um BORE – The Bologna Reform in Iceland Project.

(Ath.semnd fundarritara: María lét okkur í té útprentaðar glærur sem innihalda helstu tölulegu upplýsingar í þessum hluta fundarins. Neðangreindar upplýsingar tengjast að mestu umræðum og athugasemdum í kringum þessar glærur þar sem hún stiklaði á stóru í yfirferð þeirra.)

Framkvæmdastjórn ESB hefur fjármagnað þetta verkefni frá 2004 og Ísland verið með frá upphafi.

Háskólarnir eru að sjá að nemendur þori ekki erlendis í skiptinám vegna harðari námsframvindunarkrafa LÍN (22 ETCS á önn en ekki 18 ETCS).

Hvernig getum við þjálfað stúdenta? Hvernig getur LÍS-fólkið margfaldað sig?

Það er mjög lítið stofnanaminni í fulltrúum háskólastúdenta. Aktívi nemandinn útskrifast, hvernig getum við haldið í hans vitneskju? Við verðum að stækka stofnanaminni nemendafulltrúa.

Gert verður ráð fyrir þjálfun á 20-30 stúdentum fyrir 2. Lotu gæðaúttektar (QEF2).

Búið er að vinna góða grunnvinnu um alþjóðavídd í háskólastarfi og María hvetur LÍS mikið til að nýta þessa vinnu í fyrstu skýrslu LÍS. Hún segir þó að auðvitað ráðum við því en henni þykir þetta mikilvægt efni. LÍS ræður algjörlega hvort þetta verður birt.

LÍS ætlar að aðstoða Rannís meðal háskólanemenda um hindranir í stúdentaskiptum/starfsþjálfun – Þetta á að klára fyrir landsfund 2016 (við höfum þegar fengið greitt)

- Útbúa spurningalista
- Senda á nemendur í öllum háskólum
- Greina niðurstöður

Gauti, Aldís, Guðbjörn og (Davíð) eru til í að sjá um þetta.

3. Anna Marsibil Clausen fjallar um Alþjóðavæðingu menntunar.

Við í LÍS erum að vinna að stefnu í markvissari alþjóðavæðingu háskólastigsins. Verður vonandi sett fram sem skýrsla.

Grunnundirbúningur þessarar skýrslu var unnin á Landsþingi LÍS í mars 2015 sl.

Iona: Skiptinám er heftandi vegna íslensku krónunnar og slæmri stöðu hennar.

Þeir nemendur sem eru að fara í skiptinám hafa yfirleitt sterkt fjárhagslegt bakland.

Auka þarf fjölbreytilega skiptináms og náms erlendis.

Er hægt að finna 'styttri' útgáfu af skiptinámi fyrir t.d. foreldra með börn og fólk með lítið á milli handanna.

Anna Marsý hefur útbúið ítarlega úttekt á þessu máli.

Nú þarf að taka saman aðaláhersluatriðin í þessari skýrslu og fá 1 bls. samantekt þar sem stóru málin eru feitletruð fyrir menntamálaráðuneytið. Þau mega ekki fá of langa texta í hendurnar því að þau nenna ekki að lesa það annars. Þó er nauðsynlegt að við höfum svona langt og ítarlegt plagg eins og skýrslan er (Sjá fundargögn)

Hugmyndin er að LÍS hittist jafnvel í hálfan dag og útbúi þessa samantekt og þar sem við klárum stefnumótun í þessum málum.

Þessi könnun er að einhverju leiti háð niðurstöðum úr könnun sem LÍS hyggst leggja fyrir háskólanemendur.

4. Helga Lind ræðir SPARQS.

Sparqs eru samtök sem sjá um að þjálfar nemendur til að verða þjálfarar. Þeir nemendur geta þá þjálfað íslenska fulltrúa nemenda í gæðamálum.

Við ætlum vonandi að senda hóp af fólki til Skotlands, þar sem SPARQS eru, til að þjálfast.

Helga verður á skypefundi með þeim í næstu viku til að sjá hvernig þetta getur verið.

5. Aldís og Nanna ræða fjármál.

a) Staða fjármála LÍS haust 2015.

Aldís setti stöðu LÍS mjög skýrt fram. Mikið gegnsæi.

Alþjóðanefndarfulltrúar ættu að fá einhvern smápening í ferðakostnað (matur á flugvöllum) í náinni framtíð.

Aldís hefur áhyggjur af peningum

b) Staða styrkja eftir haustþing.



Ekki nógu góð eftirfylgni. Fólk þarf að bera ábyrgð á sínum styrkumsóknum. Þurfum betri vinnureglur hvað þetta varðar.
(gott væri að hafa launaðan starfsmann að gera þetta..)

6. Helga Lind ræðir ISIC kortið. Kilroy.

LÍS samþykkir ISIC kortið og Helga fer á fund til eftirfylgni.

7. Haustþingið samantekt.

Gekk vel þrátt fyrir dræma mætingu. Formaður vill leggja áherslu á að allir verða að mæta á fundi og þing sem þau eru boðuð á. Mikilvægt er að fólk finni ábyrgð í þessu félagastarfi og ef að fólk sér sér ekki fært að vera með þá ætti það að finna einhvern sem hefur meiri tíma og áhuga. Einnig mikilvægt að fólk sé að informera varamennina sína um málin.

ATH. Varamenn eru mjög velkomnir á fundi þrátt fyrir að þeir þurfi ekki að mæta fyrir neinn annan.

8. Svíþjóðar og Finnlands verkefni um jafnrétti til náms.

Norræna ráðherranefndin er með sérsjóð varðandi kynjajafnrétti.

Sótt var um styrk sem fékkst.

LÍS er að fara með ársverkefni í gang í samstarfi við Svíþjóð og Finnlands. 6,5 milljón. 50% af því fer í launakostnað í Svíþjóð.

Verkefnið skoðar 'student living conditions' með jafnréttissjónarmið að leiðarljósi.
(foreldrar í námi og alls konar sem á eftir að móta betur)

LÍS þarf allavega 2 fulltrúa í Stearing Group og vinna vinnu sem endar vonandi í stórrí skýrslu.

Fleira fólk má auðvitað taka þátt í verkefninu og finna góð og slæmt tilfelli á Íslandi.

Eftirfylgni: Helga Lind býr til facebookhóp og býður áhugasömum. Rebekka Líf lýsir yfir áhuga.

9. Nanna Elísa fjallar um umsókn LÍS sem aðildafélag ESU.

Við erum að sækja um að verða aðildafélag að ESU (Europe Student Union).

Við erum nú búin að taka yfir störf SHÍ þegar kemur að þessu alþjóðastarfi, en SHÍ er ennþá skráður aðildafélagi en ekki LÍS.

Fyrst héldum við að þetta væri ekki svona mikið vesen en annað kom á daginn. Nanna og Helga vinna í þessu í nótt??



Fundi slitið kl. 23.28

Nafn ritara: Sunna Mjöll Sverrisdóttir (sunnasv@gmail.com)

Gögn varðandi nóvemberfund



Fundarboð

Dagsetning: **23. nóvember 2015**

Tímasetning: **19.30.**

Staðsetning: **Borgartún 30, húsakynni Rannís 1. hæð**

Dagskrá:

- VII. Fundur settur. Nýir framkvæmdastjórnarmeðlimir boðnir velkomnir.
- VIII. Hvað erum við að gera hér? Um LÍS, stúdentasamstarf og okkur öll.

- IX. Fréttir
 - a. Nýsköpunarsjóður námsmanna.
 - b. Fundaaðstaða Rannís.
 - c. Umsókn til ESU.
- X. Verklag framkvæmdarstjórnar.
 - a. - Innra starf.
 - i. Skipulag.
 - ii. Skipun fulltrúa.
 - iii. Nefndir.
 - b. - Alþjóðanefnd.
 - c. - Gæðamál.
- XI. Gæðamál
 - a. Almennt um gæðamál.
 - b. Ráðstefna 10. nóvember. Erindi formanns.
 - c. Ráðstefna til London.
- XII. Alþjóðamál
 - a. Heimsmálin. Rödd stúdenta.
 - b. BM fundur í Rúmeníu.
- XIII. HeForShe-rútan
 - a. - Jafnréttisnefndir aðildarfélaga og jafnréttisnefnd LÍS.
- XIV. Fjármál Aldís Mjöll, gjaldkeri, fer yfir fjármál samtakanna.
- XV. ISIC kortin.
- XVI. Önnur mál.



Fundargerð

Dagsetning: 23.11.2015

Tímasetning: Kl. 19.30 - 22.44

Staðsetning: Húsnæði Rannís, Borgartúni 30, 105 Rvk.

Mættir:

Nanna Elísa Jakobsdóttir

Rebekka Líf Albertsdóttir

Aldís Mjöll Geirsdóttir

Gauti Skúlason

Hakon Broder Lund

Dagur Skírnir Óðinsson

Davíð Erik Molberg

Helga Lind Mar

Þórður Jóhannsson

Sunna Mjöll Sverrisdóttir

Eyrún Fríða Árnadóttir



Iona Sjöfn

Mætt/fjarbúnað:

Tinna Dögg Guðlaugsdóttir

Helgi Sigurðardóttir

Valdemar Karl Kristinsson

Birgir

Guðbjörn Ólsen Jónsson

Boðuðu forfall: --

Fjarverandi: --

Dagskrá:

I. Fundur settur / Nýir meðlimir velkomnir

Nýjir meðlimir framkvæmdarstjórnar boðnir velkomnir og fundur settur.

Nýjir meðlimir framkvæmdarstjórnar:

Dagur Skírnir Óðsinsson – SÍNE

Þórður Jóhannsson – SÍNE

II. LÍS / Hvað erum við að gera hér?

Nanna Elísa formaður kynnti dagskrá fundar og hélt smá kynningu um LÍS. Kynnti LÍS, háskóla, og tengingar skóla. Hún nefndi einnig Landsþingið 2016



sem verður haldið í Mars. HR heldur það og brýnir hún á að það er mikilvægt að aðildafélög fylli öll sæti sín á þinginu.

Einnig voru spurningar varpaðar fram varðandi LÍS og tilgang samtakanna:

Afhverju erum við hér?

Hvað viljum við gera?

Hver eru áhrif okkar?

Hvað skiptir okkur máli

Einnig var rætt um gæðamál í stuttu máli og alþjóðastarf. En bæði umræðuefnin verða tekinn upp seinna á fundinum.

(Skoða kynningu Nönnu)

III. Fréttir

a)

LÍS sendi frá sér auglýsingu varðandi stöðu nemanda hjá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Stórt skref að auglýsa fyrir utan félagið. Um 10+ manns búnir að sækja um stöðuna. Rætt var um hvernig verður valið í stöðuna. Samkomulag að gera það í gegnum netið. Þarf að gerast hratt eftir 27.nóvember þar sem starf sjóðsins fer bráðum í gagn.

Fundaraðstaða hjá Rannís

b)

Erfitt að fá aðstöðu vegna peningamála. Nanna hitti forstöðumann Rannís á



Gæðaráðsstefnu. Ræddu málin. Hann skilur þöfina en á sama tíma vill hann að við borgum fyrir aðstöðuna.

Síðasta tilboðið var:

10 fm herbergi 42.000 (eitt borð)

13.6 fm stærra 51.120 (tvö borð)

75 ára afmæli Rannís er á fimmtudaginn 26.nóvember 2015 (14.00 til 16.00) og rætt var um að nokkrir frá LÍS myndu fara saman og ræða aftur við forstöðumann Rannís og einnig að láta sjá sig. Erfið staða þar sem báðir aðilar myndu græða á þessu samstarfi. Samningaviðræður eru enþá í gangi.

Umsókn til ESU

c)

Hún er verður tekin fyrir á BM fundinum í desember.

Gögn: Umsóknin / Lögin okkar

Nanna formaður og Helga Lind fara til Rúmeníu á föstudaginn 27.nóvember og kynna LÍS fyrir nefndinni.

IV. Liður 4 færður eftir lið 5.

Liður 4: Verklag (Skoða skjöl frá Nönnu)

Hafa verklag . Rætt var um að stofna verklagsnefnd til að skýra verklag hverjar stöðu. Nanna Elísa og Gauti lögðu fyrir fundinn ítarleg drög að starfsáætlun fyrir verklagsnefnd.

a.

Fundasköpun

Rætt var um að gata á námskeið í fundasköpun.

Hvernig á að setja á fundi, hvernig eigi að boða á fundi o.fl.

Með námskeiði verður starfið skilvirkara. Fáum meira útúr mánaðalega fundi.

b.

Kjör á fulltrúum

Auglýsing

Hæfniskröfur

Ákvarðataka

c. Hlutverk og skyldur meðlima í framkvæmdastjórn.

Hafa verklag . Rætt var um að stofna verklagsnefnd til að skýra verklag hverjar stöðu. Þarf eitthvað meira. Eitthvað fast.

Allt mjög ruglandi. Með verklagsnefnd verður gert grein fyrir hlutverkum



Það þarf að negla niður hlutverk og verkferill

Rætt var um stöður sem þarf að móta.

T.d. Alþjóðaforseta og fl. Það þarf að útlista stöðu. Í lok c hluta var lagt til að stofna verklagsnefnd sem myndi t.d. hittast yfir helgi og lagt fram tilögur á næsta landsþingi. Einnig var lagt til að Lagabreytingarnefnd vinni með verklagsnefndinni. Breytingar þurfa að vera í lagbreytingum. Yfirfara lögin

Verkátun þarf að vera sköpuð. Áætlað að Fara í þetta í desember fólk laust eftir. Fólk var mikið til í að setja nefndina.

Einnig er fólk getur sent inn efni ef það kemst ekki á vinnuhelgina.

Samþykkt var að stofa verklagsnefnd, drög sem lágu fyrir um starfsátun nefndarinnar voru samþykkt eftir ítarlega umræðu.

V. Liður 5: Gæðamál

Nanna formaður ræðir stöðu gæðamála. Að það sé að fara í gang mótunarstarf til að undirbúa félagmenn okkar. Unnið verður með þjálfurum, aukinni fræðslu og vitundarvakningu. Rætt var um gæðaráðstefnu sem var haldin 10. nóvember 2015 á Grand Hótel Reykjavík.

Á ráðstefnunni var lögð áhersla á nemendur og það að nemendur hafi rödd.

Aukin vitundarvakning hjá mikilvægi LÍS hjá stjórnendum en því miður ekki nemendum.

Eftir kynningu Nönnu komu Eyrún Fríða, Sunna Mjöll og Jóhann Berry (fjarskiptasambandi) og ræddu ráðstefnu sem þau fóru á í London í síðustu viku.

Þegar kemur að gæðamálum er mikilvægt að vinna saman. LÍS ekki til þegar Gæðaráð íslenskra háskóla var stofnað. Í ráðinu sátu tveir stúdentafulltrúar.



Einn frá HÍ og einn einkareknum skólum, en nú sitja tveir aðilar frá LÍŠ.

Þeir nemedur eru:

Eyrún Fríða Árnadóttir – HÍ

Ívar Örn Þráinsson – Bifröst

Þau ásamt Jóhann Már Berry og Sunnu Mjöll Sverrisdóttur fóru á ráðstefnu í London. Ásamt þeim fór ráðgjafanefnd frá Íslandi sem er duglegt fólk sem vill safna pening til að styrkja fræðslu t.d. tengdri gæðaúttekt. Þau þekkja vel til og var að sögn nemenda sem fóru mjög hjálpleg. Á ráðstefnunni var farið yfir hvað er gæðastjórnun? Hvað er framundan í námi? Hvað erum við búin að gera síðustu 10 árin? Hvernig líta nemendur á gæði? Hvaða vandamál eru viðverandi?

Það sem stóð uppúr að þeirra mati var að það var alltaf talað um stúdenta. Stúdentar taki þátt en það er aðeins 7-10% af heildarfjöldanum.

Á ráðstefnunni var varpa fram spurningunni:

Hvernig eigum við að virkja nemendur?

Mjög Lærdómsríkt.

Eftir kynninguna skapaðist umræða um ráðstefnuna. Um að vera við öllu búin t.d. ef það kæmi að sameiningu skóla. Vera inní málum og vita hvernig við gætum brugðist við. Einnig kom upp að það var gaman að skoða twitter færslurnar og það virkaði mjög vel. Einnig bentu ráðstefnufararnir á að ráðstefnan er eiginlega öll á hashtaggi ráðstefnunar. Næsta ráðstefnan verður í Slóveníu 2016 og er haldin af nemendum. Stúdentar í forsvari. Meiri kynning verður á ráðstefnuni á desemberfundi. Hvernig við ætlum að færa þetta heim.

VI. Lið 6 Alþjóðamál

A. Heimsmálin. Rödd stúdenta

Verklag hvernig við ætlum að móta okkur stefnu og hvernig við ætlum að taka ákvarðanir.

Hvað viljum við tjá okkur um?

Viljum við ákveða hvort við viljum ræða um aðra en ekki íslenska stúdenta?

Tjá okkur ekki beint en verður að vera að menntun.

Ákvörðun um ætlum við sem samtök að tala eða senda frá okkur yfirlýsingarnar, grein um mikilvægi menntunar.

Sjálfsagt að við tjáum okkur um menntun beint.

Erum hluti af heiminum, þurfa að tengjast okkur. Um menntun.

Mikilvægt að vera partur alþjóðasamfélagi stúdentasamtaka.

Mörg samtök búin að senda út vegna aðgerða Belarús.

Við viljum taka þátt styðja aðra og fá stuðning.

Hversu mikið samþykkt? Hvernær á að spyrja og hvernær á að framkvæma?

Treysta fólki. Fólk er kosið.

Umræða sem hefur ekki verið rætt.

Varðandi um Parísarmál, hvernig og/eða hvernig?

Allt sem við getum gert, sent frá okkur.

Besta lausnin að mati Helgu. Nanna skrifi grein varðandi mikilvægi menntunar.



Svo fólk viti hver við erum.

Fólk að tjá sig.

Snýst um það að við grípum það, sterk samtök. Vera sýnileg.

Setja inn kröfu um að fólk svari, verið viðbúið.

A formaður fái frelsi og traust meðlima og nemenda.

Vísa umræðunni til Verklagsnefndarinnar.

Grípum gæsina næst og jörðun Parísar umræðunar.

B) BM fundur (Board meeting) í Rúmeníu

Helga og Nanna fara til Rúmeníu og kynna LÍS. Helga ræðir um kynninguna.

ESU skjal varðandi flóttamenn. Setja inn öll skjöl inná Drive-ið

Yfirlýsing og endurskoða polacy paper á social demention.

VII. Liður 7: He-for-she bus

Marta Goðadóttir herferðarstýra hafði samband við LÍS.

Stofna jafnréttisnefnd og styðja skólanna.

Hafa eitthvað í gangi til að nenna að koma til okkar.

Tala við félög sín. Ræða við jafnréttisnefndir.

Hvort þau eru til.

Vera komin með svar 30.nóvember á jafnréttisnefndunum.

SÍNE er til.

VIII. Liður 8: Fjármál

Aldís Mjöll gjaldkeri talar um fjármál samtakanna.

Tölur ekki alveg staðfestar.

Sírka status Staðan núna 303.854 kr

Eftir að borga Helgu og Sunnu.

Ekki í evrum heldur kr.

Borgað tvo stóra reikninga aðildagjöldin fyrir ESU

og

Erlendar greiðslur eru flóknað og mikið vesen.

Aldís vill að fólk leggi út. Að vita hvað gengið er á þeim tíma.

Nota alltaf kort eða vera með það á hreinu. Fá nótu.

Betri fjármálakynningu.

Hvernær koma inn aðildagjöldin.

IX. Liður 9: ISIC kortin

Fóru í umræðu að við séum spennt fyrir því að sameina kortin skólinn þinn og ISIC. Nota okkur sem millilið í Háskólanna.

Hvort þau eru spennt fyrir þessu?

Jakob koma og kynna kortið á næsta fundi.



ISIC afslættir. Alþjóðlegt stúdenta korta félag, á vegum Kilroy.

Skoða hvernig landið liggur með kortin.

Virka sen sameiningarnafn.

Helga yfir þessu.

X. Önnur mál

Kynningarmálin ... Nanna, Hákon, Iona fara í það

Fjarfundadæmi: Betri að deila verkefnum. Fólk fái verkefni. Fjarfundamál.

Fjarfundamál. Exel með skjal og ábyrgð. Auðvelt.

Mæta hálf tíma fyrr.

Fundi slitið kl. 22 : 44

Nafn ritara: Iona Sjöfn

Gögn varðandi desemberfund



Fundarboð



Dagsetning: 21. desember 2015

Tímasetning: 10.00

Staðsetning: Borgartún 30. 101 Hof. Höfuðstöðvar Rannís.

Dagskrá:

- I. Fundur settur.
- II. Verklagsdagar samantekt.
 - a. Innra starf.
 - b. Lagabreytingar.
 - c. Framhaldið.
- III. ESU stjórnarfundur.
- IV. Study visit frá ESU.
- V. Landsþing LÍS 2015.
- VI. Önnur mál.



Fundargerð



Dagsetning: 21. desember 2015

Tímasetning: 10.00

Staðsetning: Fundarherbergi 101Hof, Rannís Borgartúni

Mættir: Nanna Elísa Jakobsdóttir, Aldís Mjöll Geirsdóttir, Davíð Erik Mollberg, Gauti Skúlason og Jóhann Már Berry. Valdemar Karl Kristinsson sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Boðuðu forfall: --

Fjarverandi: --

Dagskrá:

- I. Fundur settur.
 - a. Klukkan 10.10.
 - b.
- II. Verklagsdagar samantekt.
 - a) Innra starf.

Verklagsdagar LÍS fóru fram dagana 18.- 20. desember í HR. Nýtt embætti jafnréttisstjóra búið til, tillaga að lagabreytingum er varða jafnrétti. Öll hlutverk stjórnarinnar fengu sérstakt verklag.

Fjármálanefnd – sér um að fjármagna samtökin. Gjaldkeri situr í nefndinni, en það er ekki hans sjá um að fjármagna samtökin. Gjaldkeri sinnir bara hefðbundnum gjaldkerastörfum. Hlutverk fjármálastjóra og gjaldkera eru aðskilin hlutverk, fjármálastjóri er leiðtogi fjármálanefndarinnar, sinnir samningum og fjármögnun.

Markaðstjóri setur markmið fyrir markaðsmál, en svo er kynningarfulltrúi sem sinnir kynningum almennt, er svölítið andlit samtakanna ásamt formanni, kynningarfulltrúi situr í markaðsmálanefnd líka.

Í 13. gr. laganna er tekið fram að formaður beri ábyrgð á að miðla upplýsingum til aðildarfélaganna, en það er líka kveðið á um það í

lögnum að framkvæmdarstjórnarmeðlimir eigi að miðla upplýsingum til sinna aðildarféлага. Þessu skal hagað svo að formaður ber ábyrgð á upplýsingum til framkvæmdarstjórnameðlima og svo beri þeir ábyrgð á að upplýsa sín félög.

Varaformaður sér almennt um lagabreytingar og að endurskoða lögina á hverju ári, ásamt því að halda utan um drifið.

Ritari skal halda fundargerðir og halda utan um mætingu. Ritari aðstoðar formann við gerð dagskrár fyrir fundi.

Gauti ætlar að taka til á drifinu.

Gæðastjóri – skoða á drifinu fyrir fundargerð.

Viðburðarstjóri kemur að öllum viðburðum, allt frá hittingum til að hrista framkvæmdarstjórnina saman að landsþingi. Viðburðarstjóri ætti að vinna að viðburði „opnun heimasíðunnar“.

Lagabreytingarnefnd, tryggja að lögini séu í samræmi við starf samtakanna og að samtökin fari eftir lögum í hvívetna.

Æskilegt að meðstjórnandi sé í að minnsta kosti einni nefnd.

Varamaður hefur rétt til setu, málfrelsi og tillögurrétt á öllum fundum samtakanna. Hefur atkvæðisrétt ef að aðalmaður er fjarverandi.

Varamaður er ekki kjörgengur í embætti innan framkvæmdarstjórnar LÍS.

Þurfum að koma inn ákvæði um fundarsköp í lögina.

Lágmark 2 í hverri nefnd.

b) Lagabreytingar.

Tillaga um að lagabreytingar og innri og ytri stefnumótun, fari fram eins og hjá ESU, skjal líkt og því sem ESU notast við verði notað við að koma á framfæri breytingartillögum.

c) Framhaldið.



Þurfum að halda áfram að vinna í lagabreytingum... tveir til þrír dagar í viðbót. Klára Samræma verklag og hlutverk fyrir 8. janúar og senda á framkvæmdarstjórn.

Template tilbúið fyrir lagabreytingar og track changes skjal fyrir 18. janúar. Eftir það eru tveir lagabreytingarfundir fyrir fundinn 8. febrúar og eftir það þurfa lagabreytingartillögurnar að vera tilbúnar.

Allir að lesa sig til um lagabreytingarnar og verklögin –

Leiðbeiningar um hvernig á að finna breytingartillögurnar á drifinu!

My Drive > LÍS 2015-2016 > Stefnumótun > Innri stefnumótun.

- III. ESU stjórnarfundur.
 - a) Samantekt.
 - Þriðja lið frestað.
- IV. Study visit frá ESU.

18. – 25. mars kemur study visit teymi frá ESU. Þetta er liður í því að við verðum fullgildir aðili að ESU. Þau koma til að gera úttekt á okkar starfi, koma á landsþingið. **Kemur fram í fundargögnum, hvað þau þurfa að taka út.**

Dagskráin þarf að liggja fyrir 18. janúar. Þurfa að hitta LÆF eða SÍF. Vettvangur til að búa til tengingu við SÍF.

Við eigum skv. lögum ESU að fjármagna þetta frá A-Ö. En, þau eru viljug til að fjármagna flugin sjálf. En, við þurfum að redda gistingu og upphaldi. Nanna er að vinna í húsnæðismálum, ætlar að koma þeim fyrir hjá fjölskyldumeðlimum.

- V. Landsþing LÍS 2015.

Landsþing LÍS 18. – 20. mars. Staðsetning ekki komin. SFHR eru að skipuleggja þetta. Þemað verður nýsköpun og rannsóknir. Fulltrúar í framkvæmdarstjórn verða að mæta á landsþing. Mikilvægt að allir sitji allan tíman. **Gróf drög að dagskrá í fundarboði.**



Nanna vill semja jafnréttisstefnu, verklagsreglur fyrir þingið og leggja það fyrir 2 vikum fyrir.

VI. Önnur mál.

- a. Ráðuneytið að taka yfir Eurostudent könnunina? Gauti?
- b. Hvernig á að virkja fólk? Allir þurfa að vera á næsta fundi. Gauti ætlar að finna út dagskrá og tíma fyrir næsta lagabreytingafund.

Nafn ritara: Jóhann Már Berry

Næsti fundur 18. janúar klukkan 20:00 í húsnæði Rannís. Myndataka klukkan 19:00.

Gögn varðandi janúarfund



Fundarboð

Dagsetning: 18. janúar

Tímasetning: 19.30

Staðsetning: Húsakynni Rannís Borgartúni 30

Dagskrá:

- I. Fundur settur. Inngangur.
- II. Landsþing, 18. – 20. mars 2016. Umræða.
- III. Study visit frá ESU, 18. – 24. mars 2016. Umræða og verkaskipting.
- IV. Innra skipulag hlutverkaskipting. Afgreiðsla og kosning.
- V. Lagabreytingardagar. Niðurstöður frá lagabreytingardögum 14. og 15. janúar. Umræða.
- VI. Gæðamál.
 - a. Fulltrúar stúdenta í Ráðgjafanefnd Gæðaráðs. Kosning.
 - b. Nýr gæðastjóri í stað Jóhanns Más. Kosning.
- VII. Fulltrúar stúdenta í áfrýjunarnefnd kærumála. Kosning.
- VIII. BHM fundir um lífeyrismál. Umræða og ákvörðunartaka um framhaldið.
- IX. Fundur með menntamálaráðherra.
- X. Önnur mál.



Fundargerð

Dagsetning: 18. janúar 2016.

Tímasetning: 20:00

Staðsetning: Borgartún 33, 105 Reykjavík.

Mættir: Jóhann Már Berry, Helga Lind Mar, Nanna Elísa Jakobsdóttir, Iona Sjöfn, Gauti Skúlason, María Gyða Pétursdóttir, Þórður Jóhannesson, Árni Þórólfur Árnason, Davíð Erik Mollberg, Tinna Dögg Guðlaugsdóttir, Aldís Mjöll Geirsdóttir, Ívar Örn Þráinsson og Eyrún Fríða Ármannsdóttir.

Boðuðu forfall: Guðbjörn Olsen, Dagur Skírniir Óðinsson og Jakob Wayne Robertson.

Fjarverandi:

Dagskrá:

I. Fundur settur. Inngangur.

Fundur settur klukkan 20:13. Dagskrá samþykkt. Brynja Sigríður Gunnarsdóttir boðin velkomin, hún mun vera í stað Jóhanns Mús á meðan hann er í skiptinámi fram á vor. Eyrún Fríða boðin velkomin á fundin en hún hefur unnið vel að gæðamálum síðastliðið ár fyrir hönd LÍS.

II. Landsþing 2015, 18. mars og 20. mars 2016. Umræða.

Líklegt að landsþingið verði á Bifröst. Boðað verður á Landsþing í þessari viku, . í síðasta lagi 21. janúar Þemað verður **Nýsköpun og rannsóknir – fjárfesting til framtíðar**. Þingið er í höndun SFHR.

***Skyldur fulltrúa í framkvæmdastjórn:** Mæta á landsþing! Tryggja að fulltrúafjöldi frá aðildarfélaginu samkvæmt lögum mæti á landsþingið. Mikilvægt er að sem minnst rask verði á þeim fulltrúum sem boða þáttöku sína – skuldbinding. Tryggja, í samstarfi við*

formann, að þeir fulltrúar sem mæta munu á þingið verði að fullu upplýstir um LÍS, tilgang landsþings og fyrirkomulag á kosningum.

Farið var yfir dagskrá þingsins eins og hún stendur í dag, Ari rektor í HR kemst ekki, tíminn fyrir hádegi á laugardeginum er því orðinn laus. Of líttill tími til umræðu um lög in í núverandi dagskrá.

SFHR með athugasemdir.

Sú spurning vaknaði hvort að LÍS hefði greitt fyrir gistingu á síðasta landsþingi. Svo var ekki, þar sem það er í höndum aðildarféлага að halda landsþingið og standa allan kostnað af því. SFHR veltir því fyrir sér hvort að haga ætti málum þannig að hvert aðildarfélag greiði fyrir sína fulltrúa á landsþing, en það væri í höndum eins aðildarfélag í einu að skipuleggja landsþingið.

Landsþingin hafa öll sín þemu, svo að auðveldara sé að sækja um styrki, því ættu öflugir aðilar í að afla styrkjum að ná að fjármagna þing sem þessi. Of seint að taka þessa umræðu núna þar sem stutt er í landsþing. Spurning hvort að þetta verði framtíðarskipulag landsþinga, en það verður framtíðin að leiða í ljós.

III. Study visit frá ESU, 18. – 24. mars 2016. Umræða og verkefnaskipting.

Eyrún og Davíð buðust til að aðstoða við undirbúning fyrir heimsókn ESU. Þurfum að sækja peninga fyrir heimsóknina. Þar sem við þurfum að greiða fyrir allavega eitt flug. Hægt væri að sækja um styrki til ferðaþjónustuaðila, utanríkisráðuneyti á þeim forsendum að við erum að efla alþjóðastarf.

IV. Innra skipulag, hlutverkaskipting. Afgreiðsla og kosning.

Innri stefnumótun samþykkt einróma.

V. Lagabreytingardagar. Niðurstöður frá Lagabreytingardögum 14. – 15. janúar. Umræða.

Lagabreytinganefnd hefur lokið starfi og eru breytingartilögurnar aðgengilegar á sameiginlega gagnadrifi samtakanna. 11. nýjar greinar, og flestum greinum breytt eitthvað. Þarf að koma inn í lög in grein um aðildargjöld?

Sérstakt lagabreytingarblað verður útbúið, Iona ætlar að aðstoða við það. Þá ættu allir sem ætla að koma fram með lagabreytingartillögu að vinna eins að því og skila inn stöðluðu skjali. Allar lagabreytingartillögur framkvæmdastjórnar verða sendar út á aðildarfélögin fyrir landsþingið, svo að aðildarfélögin geti kynnt sér þær tillögur.

Farið var yfir lagabreytingartillögur framkvæmdarstjórnarinnar og komið með nokkrar athugasemdir. Voru athugasemdirnar teknar til greina og breytingartillögum breytt ef að svo átti við.

Bæta þarf 32. grein laganna. Þarf að gera betri greinarmun í lögum á þingfulltrúum (sem sitja á landsþingi), og framkvæmdarstjórafulltrúa.

VI. Gæðamál.

a) Fulltrúar stúdenta í Ráðgjafanefnd gæðaráðs. Kosning.

Eyrún og Jóhann hafa boðið fram krafta sína fyrir næsta starfsár nefndarinnar. Sunna Mjöll mun taka að sér varamannssæti fram á haust, Ívar Örn Þráinsson mun líka taka að

sér varamannsæti út 2016. Þessar tilnefningar samþykktar einróma með kosningu.

b) Nýr gæðastjóri í stað Jóhanns Más. Kosning.

Eyrún kosin með einróma samþykki gæðastjóri í fjarveru Jóhanns. Eyrún mun sitja fundi framkvæmdarstjórnar en ekki hafa atkvæðisrétt.

VII. Fulltrúar í áfrýjunarnefnd kærumála. Kosning.

Daníel Isebarn Ágústsson kjörinn aðalmaður og Hjördís Birna Hjartardóttir varamaður. Viljum boða þau á fund og fá kynningu á þeirra starfi.

VIII. Nýr ritari í forföllum Jóhanns Más. Kosning.

María Gyða Pétursdóttir býður sig fram sem ritara í fjarveru Jóhanns, María hlaut einróma kosningu.

IX. BHM fundir um lífeyrismál. Umræða og ákvörðunartaka um framhaldið.

Nanna var boðuð á upplýsingafundi um lífeyrismál. Endurskoðun á lífeyriskerfinu framundan. BHM á að skila sínum tillögum á þessari endurskoðun í vor. Nanna vill stofna starfshóp í kringum þetta,

Nanna ræddi við BHM um að vera með kynningu á lífeyrismálum fyrir okkur. LÍS vill líka vera með kynningu um starf sitt fyrir BHM. Sérstakur kynningarfundur verður, þar sem fulltrúinn sem var ráðinn í hlutverk LÍS í nýsköpunarsjóðinn mun líka mæta og kynna sig. Nanna mun senda út könnun með dagsetningum.

Tillaga kom um að auglýsa stöður í starfshópnum meðal ungs fólks. Umsóknarfrestur til 1. febrúar. Köstum á milli okkar hæfniskröfum og tillögum að þessu á Facebook, strax.

BHM bauð LÍS að taka þátt í stefnumótunarþing þann 3. febrúar n.k. Nanna samþykkti það. Nanna mun senda út tilkynningu um þetta á næstunni.

X. Fundur með menntamálaráðherra.

Það hefur ekki gengið sem skildi að fá fund með menntamálaráðherra. Formleg ítrekun á beiðni um fund hefur verið send. Þurfum að klára kynninguna fyrir menntamálaráðuneytið, senda inn valin gögn úr þeirri vinnu sem beiðni um fjármögnun til hans, setja okkur deadline fyrir þá vinnu.

Allir þurfa að taka þátt í þessu og taka þátt í að greiða leiðina inn á skrifstofu menntamálaráðherra.

Tökum fund á næstu dögum um þennan lið.

XI. Önnur mál.

Húsnæðismál – Nanna er búin að vera í samskiptum við Rannís varðandi húsnæði, eigum eftir að fá svar við pósti þar sem Nanna ítrekar beiðni um húsnæði í skiptum fyrir verkefnatengda vinnu fyrir Rannís.



Tillaga um að verða aðildarfélag að LÆF felld, allir andvígir fyrir utan einn stjórnarmeðlim sem sat hjá. Samþykkt að vera í samstarfi við LÆF.

Evrópa unga fólksins, Gauti og Davíð fóru á fund með þeim í morgun. Benda okkur á að sækja um styrki til þeirra. Mjög mikilvægt fyrir okkur fjárhagslega að vera í góðu sambandi við þau.

Allir að hugsa nýjar fjármögnunarleiðir.

Næsti fundur 8. febrúar klukkan 19:30 í Borgartúni 33, 108 Reykjavík.

Fundi slitið klukkan 00:01

Jóhann Már Berry.

Gögn varðandi febrúarfund



Fundarboð

Dagsetning: mánudagurinn 8. febrúar

Tímasetning: 19.30

Staðsetning: Borgartún 30 Rannís 3. hæð

Dagskrá:

- I. Fundur settur. Fréttir.



- II. Frestir fyrir landsþing. *Umræða og afgreiðsla.*
- III. Kynningarfundir um landsþing fyrir aðildarfélög. *Umræða.*
- IV. Lagabreytingatillögur fyrir landsþing. *Umræða og afgreiðsla.*
- V. Handbók fyrir landsþing. *Kjör á ritstjóra.*
- VI. Stefnur fyrir landsþing.
 - a. Alþjóðastefna. *Kynning.*
 - b. Jafnréttisstefna. *Umræða.*
- VII. Ársskýrsla. *Umræða.*
- VIII. Gæðamál. Fulltrúi stúdenta í Gæðaráði. *Umræða og afgreiðsla.*
- IX. Study visit. *Umræða.*
- X. Önnur mál.

Bókfærð mál: (*Mál sem eru ekki til umræðu á fundinum nema beðið sé um það sérstaklega.*)

A. Sniðmát fyrir fundi. Fundarboð og fundargerð. Afgreiðsla. Sjá í sameiginlegum gagnagrunni samtakanna: LÍS 2015-2016 > Fundarsköp.

Ráðgert er að næsti fundur verði mánudaginn 7. mars kl. 19.30



Fundardagskrá

Dagsetning: 08.02.2016



Tímasetning: 19:30

Staðsetning: Borgartún 30

Mættir: Gauti Skúlason, Tinna Dögg Guðlaugsdóttir, Davíð Erik, Þórður Jóhannsson, Dagur Skírnis, Rebekka Líf Albertsdóttir, Valdemar Karl Kristinsson, Jakob Wayne Víkingur Robertson, Jóhann Már Berry, Brynja Sigríður Helgadóttir, Aldís Mjöll Geirsdóttir, Sunna Mjöll Sverrisdóttir, Helgi Sigurðsson, María Gyða Pétursdóttir, Helga Lind Mar, Nanna Elísa Jakobsdóttir

Boðuðu forfall: Árni Þórólfur Árnason, Guðbjörn Ólsen Jónsson, Iona Sjöfn Huntingdon-Williams

Fjarverandi: Ívar Örn Þráinsson, Þórunn Unnur Birgisdóttir, Jóhann Gunnar, Hrefna Rós Helgadóttir, Hákon Broder Lund, Elís Orri Guðbjartsson

Dagskrá:

I. Fundur settur (Fréttir)

Rætt var um mikilvægi þess að fulltrúar í framkvæmdastjórn mæti á þing og fundi hjá öðrum samtökum, til dæmis BHM og alþjóðaskrifstofum skólanna, til þess að hafa áhrif á stefnumótun í háskólasamfélaginu í heild.

II. Frestir fyrir landsþing

Sjá skjal inni á sameiginlegum gagnagrunni okkar er ber heitið „A1 Vinnuplan og deadlines fram að landsþingi“. Þar er verkefnalisti með tímaáætlun og síðustu forvöðum.

III. Kynningarfundir um landsþing fyrir aðildarfélög

Það þarf að halda kynningar hjá aðildarfélögum á milli 26.- og 2. mars. Frestur til þess að senda inn lagabreytingar rennur út 4. mars og því er mikilvægt að vera með góða

kynningu fyrir þann tíma. Þessum dagsetningum þarf að ganga frá sem fyrst, fulltrúar aðildarfélaganna koma að skipulagningu kynninganna í samráði við Nönnu Elísu.

IV. Lagabreytingatillögur fyrir landsþing

Allar lagabreytingatillögur eru nú komnar í eitt skjal sem er inni á sameiginlegum gagnagrunni okkar og heitir „MASTER SKJAL“. Tillögur voru bornar upp til samþykkis og voru samþykktar einróma.

V. Handbók fyrir landsþing

Handbók fyrir landsþing á að innihalda leiðbeiningar um það hvernig á að haga sér á landsþingi frá A til Ö. Þessi handbók á að vera tilbúin 26. febrúar. Auglýst er eftir ritstjóra: Aldís Mjöll tekur að sér ritstjórarstarf, Sunna Mjöll og Rebekka æltar að vera henni til aðstoðar.

VI. Stefnur fyrir landsþing

a. Alþjóðstefna

Mikilvægt að allir í framkvæmdastjórn lesi alþjóðastefnuna eins og hún lítur út í dag og komi með punkta. Hugmyndin er að hafa alþjóðadag með Rannís 18.mars, fyrrihluta sama dags og landsþingið hefst. Með þessu fyrirkomulagi getur Rannís veitt LÍS fjárstyrk fyrir Landsþingið. Spurning með hvernig við setjum þennan lið upp til þess að hann reynist okkur sem best. Meirihluti framkvæmdastjórnar verður að mæta.

b. Jafnréttisstefna.

Nauðsynlegt að við setjum okkur jafnréttisstefnu þrátt fyrir að við höfum ekki verið í jafnréttisvinnu sem slíkri hingað til. Nanna mun skrifa tillögu að jafnréttisstefnu sem framkvæmdastjórnin les síðan yfir. Framkvæmdastjórnin hefur síðan kost á að koma með breytingartillögur og stefnan verður síðan samþykkt á framkvæmdarstjórnarfundi og síðan á landsþingi í kjölfarið. Stefnan þarf að vera tilbúin og samþykkt af framkvæmdastjórn á fundinum 7.mars næstkomandi. Hún verður síðan send út þann 8.mars á öll aðildarfélög sem geta í kjölfarið komið með breytingartillögur til og með 17.mars sem verða síðan teknar fyrir á landsþingi, sunnudaginn 20.mars.

- Eitt dæmi: Ef kemur upp kynferðisbrot á einhverjum viðburðum LÍS verðum við að vera meðvituð um það hvernig skuli bregðast við.

VII. Ársskýrsla

Fyrir landsþingið verður framkvæmdastjórn að gefa frá sér ársskýrslu. Þegar hefur verið sett upp tillaga að því hvað kemur þar fram. Í framtíðinni munum við haga því þannig að hver einstaklingur innan framkvæmdastjórnar skrifar skýrslu um sína vinnu, hvort sem það er sem formaður, varaformaður, ritari, etc.

Það þurfa allir innan framkvæmdastjórnar að fara yfir skjalið sem er sett upp sem viðmið fyrir ársskýrsluna og koma með punkta. Skýrslan er vitnisburður um okkar starf síðastliðið ár. Þessa skýrslu þarf að senda út 8.mars.

VIII. Gæðamál

Nanna og Gauti hittu Norman Sharp og hann staðfesti það að LÍS fær fulltrúa stúdenta í gæðaráðið, við vorum búin að taka ákvörðum að þessi manneskja yrði erlend. Framkvæmdastjórnin sammæltist um að þetta yrði manneskja frá ESU en LÍS mun samt skipa manneskjuna. LÍS mun að auki hafa áheyrnarfulltrúa í gæðaráðinu, sá einstaklingur má ekki vera fulltrúi í ráðgjafanefnd, líklegt að einhver úr framkvæmdastjórn verði fyrir valinu. Sá áheyrnarfulltrúi yrði bæði stuðningur við fulltrúann frá ESU ásamt því að vera almennt í góðu sambandi við þann einstakling og getur síðan miðlað upplýsingum til framkvæmdastjórnar LÍS. Þetta verður að vera frágengið í maí á þessu ári. Framkvæmdastjórnin er samþykkir þetta fyrirkomulag og Norman mun verða látinn vita af því.

Sparks: Eyrún er komin yfir Sparks málin. Sparks halda úti þjálfunarbúðum úti í Skotlandi sem sjá um þjálfun tilvonandi þjálfara sem þjálfar nemendur til að taka þátt í gæðaúttektum. Rannís hefur áhuga á að útvega okkur fjármagn til að taka þátt í þessu. Hugmyndin er að vera með námskeið eða málstofu um gæðamál, kannski í maí, áður en ný stjórn tekur við. Þar verða leiddir saman ungir stúdentar, kennarar og starfsfólk ásamt fulltrúum frá Sparks. Rannís hefur frest til 15.febrúar til að sækja um frjármagn fyrir þetta verkefni svo líklega fáum við frekari upplýsingar eftir þann tíma.

IX. Study visit

Undirbúningur fyrir study visit komið vel á veg. Dagskráin verður kláruð næstkomandi föstudag, þann 12. febrúar. 17.febrúar er síðasti séns til að senda út dagskrána til þeirra sem eru að koma. Sendum umsókn til utanríkisráðuneytisins um fjármagn fyrir study visitið, flugmiðum etc.

X. Önnur mál

Bókfærð mál: (Mál sem eru ekki til umræðu á fundinum)

- **Húsnæði:**

LÍS skulu vera komin með húsnæði fyrir landsþing.

Higher Education Reform, verkefni með Rannís sem LÍS mun taka þátt í. Peningurinn sem við fáum fyrir að taka þátt í þessu verkefni dugir til að greiða beint fyrir húsnæði, þ.e. skrifstofu og fundarherbergi. Verkefnið stendur yfir í þrjú ár og við tökum þátt í því hvort sem við þiggjum að leigja húsnæði af þeim eða ekki. Ef ekki þá fáum við greitt beint fyrir þáttökuna í verkefninu.

BHM hefur líka talað um að möguleiki sé á húsnæði hjá þeim, sú umræða er enn á frumstigi.

Hitt húsið stendur okkur líka til boða, skrifborð tilbúið fyrir okkur.

Framkvæmdastjórnin er sammála um að aðstaða hjá Rannís er betur við hæfi en sú sem okkur býðst í Hinu Húsinu. Möguleikinn á aðstöðu hjá BHM verður að skoðast betur áður en tekin verður ákvörðun.

- **Fjármögnunardagar:**

Þurfum að klára umsókn um fjármagn til menntamálaráðuneytisins fyrir landsþing. Verið er að skipuleggja fjármögnunardaga til þess að ljúka við undirbúningsvinnuna.

Næstu fundur er fyrirhugaður 7.mars, 19:30.

Fundi slitið kl. 21:20

María Gyða Pétursdóttir